



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur

2. júlí 2009
26. tbl. · 26. árg.

Háprýstipvottur

Kjarnaborun

Steinsögun

Sími: 456 6600

**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**

www.vverk.is

- Veitingar
- Skemmtun
- Lifandi tónlist
- Góð þjónusta

KAFFI EDINBORG
Café · Restaurant · Bar
www.kaffiedinborg.is



Árin tvö fyrir vestan orðin meira en þrjátíu

Kristján Haraldsson verkfræðingur hefur stjórnað Orkubúi Vestfjarða frá öndverðu og dvölin fyrir vestan orðin öllu lengri en upphaflega var áformað. Í opnuviðtali er hugað bæði að fyrirtækinu fyrr og nú og manninum sjálfum og einkahögum hans.



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um
80 afgreiðslustaði um land allt.
Hvað getum við flutt fyrir þig?
Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is

EIMSKIP
Flytjandi



Önfirðingar uggandi vegna skertrar heilbrigðisþjónustu

Íbúasamtök Öfundarfrjðarðar hafa óskað eftir því að fyrirhuguð þriggja mánaða lokun heilsugæslunnar á Flateyri verði ekki framlengd en henni verður lokað í sumar. Þá fara samtökin fram á að lokunin verði strax endurskoðuð þannig að læknir verði stað-

settur á Flateyri a.m.k. einu sinni í viku í sumar og hið sama gildi um hjúkrunarfræðing.

„Við viljum benda á að þjónustan sem veitt hefur verið, hefur verið mjög skert frá því sem áður var en hér bjó og starfaði héraðslæknir svo til alla tuttugustu öld-

ina og hjúkrunarfræðingar hafa einnig verið hér í fullu starfi um áratuga skeið. Á síðustu árum hefur þessi ágæta þjónusta verið að skerðast smám saman í takt við bættra sngöngur og aðhald í rekstri heilbrigðisstofnana, en skerðist hún meira en sem nemur

því lágmarki sem verið hefur t.d. undanfarinn vetur þá er í algjört öfni komið“, segir í bréfi þar sem samtökin koma á framfæri áhyggjum sínum vegna skertrar þjónustu heilbrigðisstétta í Önundarfirði við þjárrað Ísaffjarðarbæjar.

Í bréfinu segir einnig: „Hér búa t.a.m. allmargir sem eiga hvorki möguleika á að aka til Ísa-fjarðar eða nýta strjálar almenn-ingssamgöngur og á þetta ekki hvað síst við um þá sem komnir eru á efri ár. Lokun heilsugæslunnar á Flateyri hefur í för með sér mikið óhagræði og kostnað fyrir sjúklinga og aðstandendur og mun draga úr líkum á að fólk kjósi að búa á Flateyri í framtíðinni.“

– *thelma@bb.is*

Haukur í horni: Nei, nei, ég ætla ekki að kaupa neitt, bara skoða...



Varað við farandsölumönnum: „Skartgripir úr eðalmálmi sem seldir eru á Íslandi eiga samkvæmt lögum að vera merktir með hreinleikastimpli og nafnastimpli.“

Saga Sparisjóðs Bolungarvíkur komin út

Út er komin saga Sparisjóðs Bolungarvíkur þar sem rakin er saga hans frá stofnun til dagsins í dag. Sigurður Pétursson, sagnfræðingur sá um ritun bókarinnar en ákveðið var að ráðast í gerð hennar í tilefni 100 ára afmælis sparisjóðsins á síðasta ári. Bókinni verður dreift ókeypis til allra stofnfjáreigenda sparisjóðsins og íbúa Bolungarvíkur og Suðureyrar, þar sem bankinn rekur einnig útibú.

„Saga bankans er auðvitað merkileg enda er hún á margan hátt samtvinnuð sögu Bolungarvíkur“, segir Atili Freyr Svears-son, aðstoðarsparisjóstjóri. „Það var því tilvalið að skrásetja þessa sögu á aldarafmælinu. Ætl- unin var að reyna að hafa bókina skemmtilega og auðveldla lesn- ingar og fengum við því Sigurð til verksins. Við ákváðum einnig að gefa bæjarbúum eintak af bók- inni til að þakka fyrir þau góðu viðskipti sem þau hafa lagt við sparisjóðinn síðastliðna öld.“

Umsjón með prentvinnslu bókarinnar var í höndum H-prents ehf., á Ísafirði. — nonni@bb.is

Mikil óvissa í rækjunni

Aldrei hefur verið eins mikið óvissa í rækjubransanum og um síðustu áramót að sögn Agnars Ebeneserssonar, framkvæmdastjóra Bakkavíkur í Bolungarvík. „Við gerðum okkar áætlanir í september/október en eftir hrunið voru þær áætlanir orðnar úreltar. [...] Þegar við ákváðum að keyra allt á tveimur vöktum næstu árin, var markmiðið að fara úr sex þúsund tonna framleiðslu upp í tólf þúsund tonn. Núna er hins vegar óvíst hvernig það fer,“ segir Agnar í viðtali við vikari.is. Tæknivæðingin gerir það að verkum að fyrirtæki geta verið með færri starfsmenn.

„Til þess að vera samkeppnisfær í þessu, þá þurftum við að fækka fólki. Í starfsmannahaldi er helst hægt að skera niður því ýmsan annan kostnað ráðum við einfaldlega ekki við. Sem dæmi þá eru hráefniskaup um 75% af kostnaðinum og launakostnaður er aðeins um 10%. Ef við keyrum vinnsluna á tveimur vöktum eins og áætlað var þá væri veltan um 2,5 milljarður og launakostnaðurinn væri þá um 250 milljónir. En eins og staðan er í dag þá erum við að velta 1250 milljónum á ári.“

Þó svo að störfum í landvinnslu hafi fækkað mikið á undanförunum árum og áratugum þá er Bakkavík engu að síður mikilvægur vinnustaður fyrir Bolvík-

inga: „Í dag erum við með þrjátíu og fimm starfsmenn. Það varð veruleg breyting þegar við seldum Rekavík því áður voru um 110 – 120 starfsmenn. Stór hluti af því var í kringum útgerðina og beitninguna. En við vorum auðvitað ánægð með að salan færi fram innan bæjarins,“ segir Agnar en dótturfélag Jakobs Valgeirs, sem heitir Guðbjartur, keypti Rekavík.

Í júlí 2002 sameinaðist félagið fiskverkuninni Vík, Kálfavík og útgerðarfélaginu Voninni. Í kjölfarið var Rekavík keypt sem síðar keypti útgerðarfélagið Ós. Árið 2007 seldi Bakkavík hluti sína í Rekavík og í kjölfarið var fiskvinnslu og útgerð hætt hjá Bakkavík. Árið 2008 var rækjuvinnslan aukin á ný og fjárfest í verksmiðjunni. „Við fórum í breytingar í júlí/ágúst síðastliðið sum- ar. Það var gert til þess að geta aukið afköstin með frekari hagræðingu. Við erum búin að ná fram hagræðingu og auka afköstin í vinnslunni. Meiningin hjá okkur var að auka vinnsluna í nóvember/desember og fara þá í sextán tíma vinnudag, þ.e. tvær átta tíma vaktir. En vegna óvissu á mörkuðum í kjölfar heims- kreppunnar þá höfum við frestað þeim aðgerðum. Óvissan er frekar mikil eins og er. Sérstaklega ef kreppan hefur verulega áhrif í Bretlandi því þar er okkar

markaður. Bretar eru helstu neytendur kaldsjávarrækju og þeir borða nánast 80% af allri þeirri rækju,“ sagði Agnar.

Bakkavík kaupir hráefni að miklu leyti af Norðmönnum. „Á síðustu mánuðum höfum við keypt svona 70-80% af okkar hráefni af Norðmönnum og það er rækja sem veidd er í Barentshafi. Hitt kemur frá Kanada og Flæmska hattinum. Það hráefni er veitt annars vegar af færeyskum skipum og hins vegar skipum sem gerð eru út frá Eystrasaltslöndunum.“

Agnar segist ekki óttast að framboðið af hráefni muni dragast saman á næstunni. „Enn sem komið er hefur verið nóg framboð af hráefni og okkur sýnist að það verði þannig áfram á árinu 2009. Það er einfaldlega vegna þess að verksmiðjunum sem vinna þessa rækju hefur fækkað svo mikið. Það eru ekki nema þrjár verksmiðjur eftir í Noregi en þær voru átta talsins. Það eru ekki nema fimm verksmiðjur eftir í Rússlandi en þar voru þær tuttugu þegar mest var. Þessum verksmiðjum hefur fækkað verulega bara á síðustu tveimur árum. Skipunum hefur hins vegar ekki fækkað í sama hlutfalli. Þessar verksmiðjur sem eftir eru hafa frekar verið að stækka,“ bendir Agnar á. Viðtalið við Agnar má lesa í heild á vikari.is.



Bakkavík í Bolungarvík.

Óttast að stofnféð verði þurrkað út

Stofnfjäreigendur í Sparisjóði Bolungarvíkur óttast að með fyrirhuguðum breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki verði stofnfé þeirra þurrkað út. Hafa þeir sent viðskiptanefnd Alþingis um-sögn um málið og óska eftir áheyrn viðskiptaráðherra. Anna S. Jörundsdóttir, stofnfjäreigandi í Sparisjóði Bolungarvíkur, boðaði aðra stofnfjäreigendur á sinn fund til að fara yfir frumvarp sem nú liggur inni á borði viðskiptanefndar. Hún segir fyrirhugaðar breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki fela í sér heimild til lækkunar á stofnfé sparisjóða án nokkurra takmarka. Það sé verulegt áhyggjuefni því hingað til hafa íbúar Bolungarvíkur getað litið á stofnfé sem innlán.

„Okkur finnst vera komið aftan að okkur því fólk hefur gert það í góðri trú að styrkja sinn sparisjóð,“ segir Anna. Hún segir stofnfé í Sparisjóði Bolungarvíkur hafi aldrei verið selt þriðja aðila eins og tíðkast annars stað-



Stofnfjäreigendur í Sparisjóði Bolungarvíkur óttast að með fyrirhuguðum breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki verði stofnfé þeirra þurrkað út.

ar. Hún segir að nú sé verið að opna stjórnvöldum leið að sparifé venjulegs fólks sem hafi einfaldlega viljað halda tryggt við sinn

heimabanka. „Sömu leikreglur gilda hugsanlega ekki á morgun sem giltu þegar það breytti innlánunum sínum í stofnfé. Margir

stofnfjáraðilar í Sparisjóði Bolungarvíkur er eldra fólk sem er ekki á netinu eða fylgist með. Ég veit að það er mjög uggandi um

sína eign í sparisjóðnum,“ segir Anna S. Jörundsdóttir. Frá þessu er greint á ruv.is.

– birgir@bb.is



Heillaðist af hljóðfærinu tíu ára gamall

Saxófónleikarinn Smári Alfredsson heldur til framhaldsnáms í saxófónleik í FÍH í Reykjavík í haust. Hann hélt nú nýverið lokatónleika sína frá Tónlistarskóla Ísafjarðar með fusionhljómsveitinni Virtual Motion. Hún er skipuð brottfluttum Ísfirðingum og er Ingvar bróðir Smára hljómborðsleikari í sveitinni. Smári ákvað að leika á saxófóninn tíu ára gamall þegar hann fór á tónleika með móður sinni í Tónlistarskóla Ísafjarðar. Þar sá hann saxófónleikara leika listir sínar og heillaðist samstundis og tjáði móður sinni að hann ætlaði hefja nám á hljóðfærið.

Mikil tónlist í fjölskyldunni

Smári segir mikla tónlist hafa verið á heimili hans á uppvaxtarárunum. Faðir hans og móðir hafa verið áberandi í tónlistinni. Systkini hans eru einnig viðloðandi tónlist, þá sérlega eldri bróðir hans, Ingvar Alfredsson, og yngri systir hans leikur á píanó endrum og sinnum heima við og er einnig í Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Hann segist þó ekki hafa verið undir neinni sérlegri pressu við að fara að leika á hljóðfæri, enda sé það svo gaman að ekki þurfi að ýta neinum út í hljóðfæraleik. Hann tjáði foreldrum sínum einfaldlega að hann vildi læra á saxófón og þar við sat.

Hann hefur leikið á saxófóninn

síðustu tíu ár undir leiðsögn kennara, en er að eigin sögn að hluta til sjálflærður, því hann fór fram úr fyrsta kennara sínum og ekki var mikið um aðra kennara á svæðinu fyrr en Zbigniew Jar-emko kom til landsins frá Pólandi og kenndi honum í tvö ár, en síðan tók Hrólfur Vagnsson við kennslunni.

Smári lék í Abba-sýningu í vetur með hljómsveitinni Apollo og þar lék hann mestmegnis sóló, þó ekki eingöngu, spilaði ýmsa fiðluparta og aðrar brasslínur sem eru yfirgnæfandi í ABBA-lögnum. Honum finnst sjálfum skemmtilegast að leika laglínur og fusiontónlist, líkt og hann gerir með Virtual Motion, og honum hugnast einnig djassinn og fönkið.

Eldri bróðirinn smitandi

Þegar Smári er spurður hvort hann hafi alltaf langað til að verða saxófónleikari segist hann alltaf hafa átt þann draum að fara í FÍH eftir að Ingvar bróðir hans fékk inngöngu í skólann. Hann segir sögur bróður síns af skólanum ekkert endilega hafa heillað sig heldur var eitthvað við skólann sem heillaði og þá sérstaklega að í honum er sérstök djassdeild fyrir saxófóna sem stendur ekki til boða í öðrum tónlistarskólum, að hans sögn.

„Kennarnir eru margir hverjir frægir tónlistarmenn hér innan-

lands sem maður lítur upp til, þannig að maður verður ekkert hjá lélegum kennurum,“ segir Smári.

Erfðu tónlistarsmekk foreldranna

Hann á sér nokkra áhrifavalda í saxófónleiknum og nefnir fyrst hinn íslenska Óskar Guðjónsson. Af erlendum saxófónleikurum tínr hann til Gerald Albright, Michael Brecker, Dave Koz og Eric Marienthal sem spila svona „smooth-jazz“. Hann segist einnig hafa gaman af alls konar tónlist en fílar þó mest tónlist leikna án söngs, instrumental-tónlist.

„Það er eitthvað við það þegar laglínan er leikin á saxófón, það er einhver tilfinning í því sem ég kann við en er ekki með útskýringu af hverju ég kann við það. Við bræðurnir höfum tekið eitthvað við tónlistarsmekk mömmu og pabba og hlustum þar að leiðandi eitthvað á Electric Light Orchestra, Donald Fagen, Stevie Wonder og fleira í þeim dúr.“

Frelsið í djassinum og fusiontónlistinni heillar Smára mest og honum þykir ekki leiðinlegt að spila hana. „Það er einhver ákveðinn taktur í þessari tónlist sem fær mann til að dilla sér.“

Hann segir að það hafi verið seint á síðasta ári sem hann setti stefnuna fyrir alvöru að komast í skólann. Hrólfur Vagnsson tónlistarkennari Smára tók hann þá

meira í alvöru kennslu og kenndi honum ýmskonar spunaæfingar og annað slíkt. „Hann tók mig í tónfræði og hljómfraði. Hann er mjög vel menntaður og hefur kennt mér þetta allt mjög vel, enda komst ég inn í skólann.“

Virtual Motion

Smári hefur ekki verið liðsmaður Virtual Motion frá byrjun. Hana skipuðu í byrjun Hrannar Abrahamsen á bassa, Ingvar Alfredsson á hljómborð, Kjartan Baldursson á gítar og Sindri Þór Harðarson á trommur. Þeir æfðu saman og spiluðu fusiontónlist frá niunda áratugnum. Eftir nokkrar viðræður og sannfæringarræður frá Ingvari bróður Smára ákváðu þeir að taka hann inn í bandið og Smári hóf að leika í nokkrum lögum með þeim.

„Svo hefur þetta bara einhvern veginn þróast og varð til þess að ég vildi hafa þá á burtfarartónleikunum með mér. Við ætlum síðan að stefna að því í haust að halda áfram að halda bandinu fersku, því við erum komnir með ágætlega þetta tónleikadagskrá, og reyna að koma okkur einhvers staðar annars staðar á framfæri.“

Allir meðlimir sveitarinnar eru nokkurn veginn á sömu línunni þegar kemur að tónlist. Það er eitthvað við þennan 80's rokktakt sem drengirnir fíla. Smári segir taktinn runninn frá þessum áratug og spila þeir mikið lög eftir íslenska fusionbandið Mezzoforte

en af erlendum listamönnum má nefna píanóleikarann Jeff Lorber, jazz-fusion hljómsveitina Yellow Jackets, Chick Corea og mörg fleiri bönd.

Bandið hefur samið nokkur lög og segir Smári aldrei að vita hvort að farið verði með lögin í upp-tökuver. „Sjálfur er ég byrjaður að taka upp efni sjálfur einn heima. Ég veit ekki hversu langt ég fer með þær hugmyndir en vonandi verður eitthvað úr þeim.“

Stefnir út í lönd

Smári heldur suður til Reykjavíkur í haust. Þar ætlar hann að búa með bróður sínum og nema við FÍH. Hann segist vera mjög spenntur að fara suður og prófa eitthvað nýtt, nýjan kennara og nýjan skóla og læra þar af leiðandi eitthvað meira.

– Hvert er svo takmarkið með tónlistinni?

„Það er náttúrulega alltaf draumurinn að meika það, þó svo að það gæti reynst þrautin þyngri. Á Íslandi eru nokkrir frægir saxófónleikarar sem geta talist frekar stór númer í bransanum. Úti í heimi eru færir saxófónleikarar í milljónum talið. Maður reynir auðvitað að koma sér eins mikið á framfæri og hægt er á Íslandi. Svo fer maður væntanlega eitthvert út, en ég veit ekki hvort maður verður einhver stórstjarna,“ segir Smári og hlær.

– birgir@bb.is



Grill svínakótilettur

1.189 kr/kg

Verð áður 1.698 kr/kg

30%
afsláttur

Lækkað verð!



30%
afsláttur

Lambalærisssneiðar 1.fl.
Úr kjötborði

1.679 kr/kg

Verð áður 2.398 kr/kg



30%
afsláttur

Lambahryggur
Úr kjötborði

1.399 kr/kg

Verð áður 1.998 kr/kg



30%
afsláttur

KJÖTSEL

Grillpylsur

769 kr/kg

Verð áður 1.098 kr/kg



30%
afsláttur

KJÖTSEL

Grill svínalærisssneiðar

909 kr/kg

Verð áður 1.298 kr/kg



30%
afsláttur

Svínalundur
Úr kjötborði

1.399 kr/kg

Verð áður 1.998 kr/kg



32%
afsláttur

Egils Kristall Plús 0.5l
blöðappelsínu eða ávaxta

99 kr/stk.

Verð áður 145 kr/stk.



6 kjúklingabitar
franskar og 2L Coke

1.298 kr.

Tilboðið gildir
fimmtudag og föstudag

www.markhonnun.is

Gildir 2. - 5. júlí
Birt með fyrirvara um prentvillur

Samkaup **úrval**

ÍSAFJÖRÐUR

Spurningin

Hefur nýjasta elds-
neytishækkun áhrif á
ferðalög þín í sumar?

Alls svöruðu 431.
Já sögðu 319 eða 74%
Nei sögðu 112 eða 26%

Netspurningin er birt viku-
lega á bb.is og þar geta
lesendur látið skoðun sína
í ljós. Niðurstöðurnar eru
síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðaustlæg átt 3-8 m/s.
Dálítil rigning sunnan- og
vestanlands, en skýjað
með köflum og úrkomu-
lítið norðaustantil. Hiti 10-
20 stig, hlýjast NA- og A-
lands.. **Horfur á laugar-
dag:** Austlæg átt og
rigning með köflum. Hiti
breytist lítið. **Horfur á
sunnudag:** Austlæg átt
og rigning með köflum.
Hiti breytist lítið.

Ertu

orðin(n)

áskrifandi?

Síminn er

456 4560

Útgefandi:

H-prent ehf.,
kt. 600690-1169,
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður,
sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:

Thelma Hjaltadóttir,
símar 456 4693 og 849
8699, thelma@bb.is
Birgir Olgeirsson, símar
456 4560 og 867 7802,
birgir@bb.is

Ritstjóri netútgáfu bb.is:

Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson, sími
894 6125, halldor@bb.is.

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
og Halldór Sveinbjörnsson
Lausasöluverð er kr. 400
eintakið með vsk. Veittur er
afsláttur til elli- og örorku-
lífeyrisþega. Einnig sé greitt
með greiðslukorti.

Önnur útgáfa:

Ferðablaðið
Á ferð um Vestfirði. ·
ISSN 1670 - 021X



Það verður mikið um að vera á Hesteyri í sumar.

Sækja í rómantíkina á Hesteyri

Nóg hefur verið um að vera á Hesteyri í Jökulfjörðum í sumar. Þrátt fyrir misjafnt veðurfar hefur mikill fjöldi gesta lagt leið sína á eyrina það sem af er sumri. „Það hefur gengið mjög vel“, segir Hrólfur Vagnsson, einn af rekstraraðilum Læknishússins á Hesteyri. „Sumarið hefur aldrei farið jafn snemma af stað og í ár, en

gestir skemmtiferðaskipanna byrjuðu að koma strax í byrjun júní. Svo er vel bókað í gistiþláss í allt sumar og einnig er von á fjölda gönguhópa þannig að við erum bara bjartsýn fyrir sumar-
ið.“ Hrólfur segir að það veki at-
hygli að næturgestir sem bókaðir eru í húsið í sumar eru langflestir Íslendingar, en það bendi til að

Íslendingar séu meira að ferðast innanlands heldur en utan í ár. Hins vegar setji útlendingar alltaf síaukinn og skemmtilegan svip á Hesteyri á sumrin.

Hrólfur segir að það sé aðal-
lega sjarmi og rólegheit sem borg-
arbörnin sækist í. „Þetta er auð-
vitað sótt í rómantíkina á Hest-
eyri. Þetta er í raun eina þorpið á

Hornströndum og fólk hefur gam-
an af því að koma á land og fræð-
ast um sögu staðarins auk þess
að koma við í Læknishúsinu,
hlusta á tónlist og toppa svo allt
með íslenskum pönnukökum.
Það kemur einnig fyrir að ekki er
hægt að leggjast að bryggju og
þarf þá að fara með fólkíð í land
á gúmmibát“, segir Hrólfur.

Ný virkjun rís við Mjólkárvirkjun

Orkubú Vestfjarða mun strax á næsta ári ráðast í virkjanaframkvæmdir við Mjólká fyrir ríflega 300 milljónir króna. Þetta var samþykkt á stjórnarfundum Orkubúsins fyrir skömmu. Um er ræða nýja virkjun sem verður 1.1 megavatt. Kristján Haraldsson orkubússtjóri sagði í samtali við Svæðisútvarp Vestfjarða þessa

ákvörðun hafa átt sér nokkurn aðdraganda. Í lok síðasta árs hafi verið uppi hugmyndir um að stækka Mjólkárvirkjun úr 8 megavöttum í 14 og endurnýja auk þess allan tækjakost. Þar var gert ráð fyrir að Landsnet, legði verkefninu til 200 milljónir en slík stækkun myndi bæta afhendingaröryggi á Vestfjörðum til

muna. Þessu hafnaði Landsnet og segir Kristján það hafa verið mikil vonbrigði. Stjórn Orkubúsins ákvað því að ráðast í að byggja litla virkjun upp á eigin spýtur.

Framkvæmdir hefjast strax á næsta ári og segir Kristján ekki nauðsynlegt að slá lán fyrir framkvæmdinni. Staða Orkubús Vest-

fjarða sé sterk. Afkoma Orkubús Vestfjarða varð heldur betri á árinu 2008 en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstraráætlun ársins gerði ráð fyrir rekstrarhagnaði að upphæð 28 milljónir króna en samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af venjubundnum rekstri fyrir skatta sem nam 108,7 milljónum. — thelma@bb.is

Ritstjórnargrein

Við sama borð

Löngum hefur loðað við íslenska stjórnámálamenn að ekki er sama hvoru megin við borðið þeir sitja, þ.e. hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Glögg dæmi þar um er einn af fyrrverandi leiðtogum vorum sem greiddi ekki atkvæði með EES-samningnum, en kvað eftir á líklegt að hann hefði gert það ef hann hefði verið í stjórn!

Stöðugleikasáttmálinn, sem nýverið var undirritaður af stjórnvöldum og fulltrúum nær alls vinnumarkaðarins, hlýtur að teljast mikilvægt upphafsskref í þeirri löngu og erfiðu göngu sem íslenska þjóðin á fyrir höndum. Miðað við þau fjölmennu hagsmunasamtök sem komu að samningsgerðinni og þeirri sátt er þar náðist hefði mátt ætla að pólitísk eining fylgdi í kjölfarið. Þjóðinni kæmi vel að hún væri meiri og oftar. Nú er nauðsyn.

Á sama tíma og framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins lætur hafa eftir sér að sáttmálinn snúist um framfarir og nýja sókn og hið raunverulega verkefni snúist um að koma í veg fyrir að spár um hörmungarástand rætist, berast þau tíðindi úr annarri átt að sáttmálinn sé aðeins ein stór frestunaraðgerð á því sem hefði átt að vera búið að gera fyrir lögnu síðan; einnig að verið sé að hlífa ríkisvaldinu við hagræðinu (niðurskurði); kannski grundvallast sú afstaða á þekkingu frá fyrri tíma reynslu, er ríkisbáknið bólgnaði út um helming á fáeinum árum.

Í leiðara Morgunblaðsins frá 26. f.m. segir m.a.: „Í sáttmálanum er skýrt kveðið á um að erlendir aðilar geti eignast hlut í ríkisbönkunum og öðrum fjármálafyrirtækjum. Þetta er mikilvægur þáttur í endurreisninni; að semja frið við alþjóðlegt fjármálalíf og tryggja aðgang Íslands að fjármálamörkuðum.“

Undir þetta sjónarmið er hægt að taka. Grundvöllur alls atvinnulífs er öflugt og vel rekið bankakerfi. Án slíkrar undirstöðu er atvinnulífið í uppnámi og þar með afkoma alls almennings og þjóðarbúsins. Ævin-
týramennskan sem grasseraði í íslensku bönkunum eftir einkavæðingu þeirra ætti að hafa kennt okkur þá lexíu að banka verður að reka af ábyrgð eins og hvert annað fyrirtæki. Spilaborga bíður það eitt að hrynja.

Um þessar mundir standa íslenskir alþingismenn frammi fyrir ærnum vanda. Tekst þeim að „semja frið við alþjóðlegt fjármálalíf og tryggja aðgang Íslands að fjármálamörkuðum?“ Þeir hafa í hendi hvaða leið þeir kjósa. Valið kann að vera erfitt. Það er engin auðfarin leið í boði.

Aðilar stöðuleikasáttmálans virðast sammála um nauðsyn þess að halda samráðinu áfram. Vonandi leiðir afrakstur samkomulagsins til áframhaldandi samstarfs við að vinna okkur út úr vandanum.

Það skiptir ekki máli hvoru megin borðsins stóllinn er. *s.h.*

Rögnavldur heldur sigurgöngunni áfram

Rognvaldur Magnússon, Golfklúbbi Bolungarvíkur, sigraði Þorstein Örn Gestsson, úr Golfklúbbi Ísafjarðar, í bráðabana um fyrsta sæti á Íslandssögumótinu sem fór fram á Tungudalsvelli í Skutulsfirði á laugardag. Báðir komu þeir inn á 72 hoggum og þurftu að leika sjöundu holu vallarins upp á sigur í mótinu. Rognvaldur lék hana á þremur hoggum en Þorsteinn Örn á fjórum. Í þriðja sæti varð Chatchai Phothiya, GBO, á 73 hoggum, Magnús Gautur Gíslason, GÍ, varð í fjórða sæti á 75 hoggum og Anton Helgi Guðjónsson, GÍ, varð í fimmta á 76 hoggum. Anna Ragnheiður Grétarsdóttir, GÍ, sigraði kvennaflokk mótisins nokkuð orugglega á 79 hoggum. Sautján hoggum á eftir henni varð Brynja Haraldsdóttir, úr Golfklúbbi Patreksfjarðar, á 96 hoggum og Björg Sæmundsdóttir, GP, varð þriðja á 99 hoggum. Í unglingaflokki mótisins án forgjafar sigraði Bolvíking-



Rögnavldur Magnússon vippar inn á sjöundu flöt.
urinn Daði Arnarsson á hundrað hoggum. Með forgjöf sigraði Þorsteinn Örn Gestsson karlaflokkinn á 66 hoggum nettó. Annar varð Ævar Örn Jóhannsson, GBO, á 67 hoggum. Þriðji varð Chatchai Phothiya á 67 hoggum. Jakob Tryggvason varð fjórði á 67 hoggum og Anton Helgi Guðjónsson varð þriðji á 68 hoggum nettó. Anna Ragnheiður Grétarsdóttir sigraði í kvennaflokki án forgjafar á 68 hoggum nettó. Önnur varð Bjarney Guðmundsdóttir, GÍ, á 72 hoggum og þriðja varð Halldóra Benediktsdóttir, GÍ, á 75 hoggum nettó.



Þorsteinn Örn Gestsson (GÍ) hafnaði í öðru sæti eftir bráðabana við Rögnavld Magnússon. Hér er Þorsteinn Örn að slá upp úr sandgryfju á 7. braut.

Kvarta undan bágu ástandi húsa

Bágt ástand húsanna að Sundstræti 36, norðurenda, og Sundstræti 45 á Ísafirði er íbúum á Ísafirði til ama. Er svo komið að tveir Ísfirðingar, þeir Birgir Valdimarsson og Gunnlaugur Jónasson, hafa ritað umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar bréf, fyrir hönd húsfélagsins að Sundstræti 36, þar sem vakin er athygli á bágu ástandi húsanna og krafist úrbóta.

Veggjakrot prýðir húsið að Sundstræti 36 og er ekki hægt að kalla það listrænt né fallett því um er að ræða klúr orð á veggjunum og hafa óprúttir einstaklingar teiknað kynfæri á veggina, ásamt því að skilja nöfn sín eftir á þeim. Á norðurhlið hússins eru nær allar rúður brotnar og er það eigi til sóma. Þegar litið er á húsið að Sundstræti 45, er varla að finna

heila rúðu og er það einstaklega hrörlegt að sjá en húsið er í eigu Bygðastofnunar. Umhverfisnefnd þakkar bréfiturum fyrir þarfar ábendingar. Byggingafulltrúa er falið að senda eigendum umræddra húsa svarbréf. Umhverfisnefnd hvetur íbúa Ísafjarðarbæjar til að fylgjast með sínu nánasta umhverfi m. t. t. slyshættu og feigrunar umhverfis.



Sundstræti 36.

410 4000 | landsbankinn.is

EINKABANKINN | SJÁLFVIRKT HEIMILISBÓKHALD

Skóðaðu þína köku í Einkabankanum

- Fyrsta sjálfvirka heimilisbókhaldið
- Enginn innsláttur í Excel og engir útreikningar
- Þú velur hvaða reikningar og kort mynda kökuritið
- Færslurnar eru flokkaðar fyrir þig
- Hægt er að endurnefna og endurflokka færslur

Heimilisbókhaldið er í Einkabankanum þér að kostnaðarlausu. Kynntu þér málið á landsbankinn.is.

FIMMTUDAGUR 2. JÚLÍ 2009

7



Ragna forseti

Ragna J. Magnúsdóttir hefur verið endurkjörinn forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur. Var það samþykkt á síðasta bæjarstjórnarfundum með fjórum atkvæðum en einn var á móti og tveir sátu hjá. Á sama fundi var Baldur Smári Einarsson kjörinn fyrsti varaforseti en sú tillaga var samþykkt með fimm atkvæðum en einn var á móti og einn sat hjá. Gunnar Hallsson var einnig kosinn annar varaforseti og var það samþykkt í einu hljóði.

Þá var Anna G. Edvardsdóttir einnig endurkjörinn formaður bæjarráðs Bolungarvíkur en sú tillaga var samþykkt með fjórum atkvæðum en þrír voru á móti. Baldur Smári var jafnframt kjörinn varaformaður í bæjarráði með fimm atkvæðum en tveir sátu hjá. Soffía Vagnsdóttir var kjörinn aðalmaður í bæjarráði í einu hljóði og samþykkt var að Anna S. Jörundsdóttir og Ragna yrðu varamenn.

Engar at- hugasemdir

Engar athugasemdir bárust frá íbúum Ísafjarðarbæjar vegna deiliskipulags í hliðum Kubbens, fyrir ofan Holtahverfi á Ísafirði, þar sem fyrirhugað er að byggja 260 metra langan og 18 metra háan snjóflóðavarnargarð. Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar tók fyrir deiliskipulagið á dögunum ásamt umhverfisskýrslu sem unnin var af Arkiteó í apríl.

Nefndin hefur lagt til að deiliskipulagið verði samþykkt. Framkvæmdirnar munu hafa töluvert rask í för með sér og mun ásýnd svæðisins taka nokkrum breytingum á meðan og eftir að framkvæmdum lýkur. Deiliskipulagstillagan sýnir umfang framkvæmda, staðsetningu mannvirkja og frágang svæðis að framkvæmdum loknum.



Inn að beini

Karl Hallgrímsson, kennari og tónlistarmaður

Karl er Bolvíkingur, kennari og tónlistarmaður en segist vera sérfræðingur 2, alla vega samkvæmt launaseðli. Næsta haust verð hins vegar aftur grunnskólakennari. Hann er í hljómsveitinni Abbabbabb sem átti nokkurri velgengni að fagna og lék nýverið sitt eigið efni á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður undir nafninu Karl og mennirnir. Hann segir mestu uppgvotun sína vera stækkuð sjound og hann gæti ekki lifað án tannburstans.

Afdrifaríkasta ákvorðun lífs þíns?

Að festa mér Grétu mínu.

Hvar langar þig helst að búa?

Hjá Grétu og krökkunum okkar.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Þegar Gréta féllst á að bindast mér.

Mestu vonbrigði lífs þíns?

Oft þarf ég að horfast í augu við þá staðreynd að mig skortir færni til að framkvæma það sem mig langar að framkvæma, sérstaklega þegar ég leik á hljóðfæri.

Mesta uppgotvunin í lífi þínu?

Stækkuð sjöund.

Uppáhaldslagið?

Það er tveggja hljóma blússtandard í flutningi

Ettu James sem heitir I'd rather go blind.

Uppáhaldskvikmyndin?

Með allt á hreinu.

Uppáhaldsbókin?

Jóhannes á Borg, ævisaga skráð af Stefáni Jónssyni.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Ferðalag með Skálholtskórnum um Ítalíu sumarið 2007.

Uppáhaldsborgin?

Hef ekki heimsótt margar borgir. Mér fannst fallett í Sorento við sunnanverðan Napolíflóa.

Besta gjofin?

Fyrirgjöfin.

Telur þú að líf sé á öðrum hnottum?

Mér finnst líklegt að svo sé.

Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?

Tannbursta.

Fyrsta starfið?

Sölumaður Vestfirska fréttablaðsins í Bolungavík.

Draumastarfið?

Atli bróðir sagði mér einu sinni að hann hefði séð draumastarf mitt auglýst. Það var blaðamannsstarf hjá Bændablaðinu. „Hugs-

aðu þér“, sagði hann, „að ferðast um landið og borða brúnköku.“

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Jón á Brókinni.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Kannski á ég enn eftir að heimsækja hann.

Skondnasta upplifun þín?

Ein sú skondnasta var þegar ég söng fyrir páfann í Róm. Önnur var þegar ég lék sjúkling á flugslysaaefingu við Ísafjarðarflugvöll en var ekki bjargað vegna þess að björgunarsveitin á Ísafirði var upptekin við að selja jólatré á Silfurtorgi.

Aðaláhugamálið?

Tónlist.

Besta vefsíðan að þínu mati?

www.google.com

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Bóndi og leikari.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Fasið.

En helsti lostur?

Fésið.

Besta farartækið?

Bill.

Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?

Dagur stærðfræðinnar!

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Pabba

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Mig langar ekkert að breyta.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Á matartímum.

Í hvaða stjornumerki ertu?

Ég er víst í krabbanum.

Lífsmottóið þitt?

Að gleðjast. Ég sækist í athafnir sem veita mér gleði.

Horfa til Vestfjarða vegna atvinnu tengda uppgræðslu grænna svæða

Skógræktarfélag Íslands ætlar að skapa allt að 1000 ný störf í tengslum við uppgræðslu á grænum svæðum skógræktarfélaga landsins. Verkefnið er unnið í samstarfi við Vinnumálastofnun, ríkissjóð og sveitarfélögin og hafa 18 sveitarfélög staðfest þátttöku í verkefninu. Ekkert sveitarfélag á Vestfjörðum hefur enn staðfest þátttöku í verkefninu en það er vegna þess að enn á eftir að ljúka viðræðum um það við

skógræktarfélög á svæðinu. Með verkefninu er reynt að horfa fyrst til svæða sem þjáast af miklu atvinnuleysi og minnst atvinnuleysi er á Vestfjörðum um þessar mundir. Einnig fer gróður seinna af stað á Vestfjörðum vegna veðr-áttu en að sögn Lindu Björk Waage, umsjónarmanns með atvinnu-átaki Skógræktarfélags Íslands, verður farið í viðræður við skógræktarfélög á svæðinu á næstu misserum.

Tilgangurinn með átaksverkefninu er að skapa sumarstörf fyrir atvinnulaust fólk sem er tilbúið til að eyða sumrinu við fjölbreytt og skemmtileg störf sem tengjast skógrækt, gróðursetningu, stigagerð og uppbyggingu á grænum útivistarsvæðum. „Skógræktarfélag Íslands hefur mótað stefnu til næstu þriggja ára sem miðar að því að ráðast í mannaflsfræk verkefni á sviði skóga og útivistar. Markmiðið

er að ráðast í framkvæmdir við uppbyggingu á aðstöðu til útivistar og þar með auðvelda fólki aðgang að óspilltri náttúrunni hvort sem það er til heilsuræktar eða einfaldlega til að njóta samvista með fjölskyldunni í fallegu og heilnæmu umhverfi,“ segir Magnús Gunnarsson, formaður Skóg-

ræktarfélags Íslands. Hann segir að nú þegar hafi 18 sveitarfélög staðfest þátttöku sína í verkefninu og felur það í sér um 350 störf yfir sumar og haustmánuðina. Segist hann vona að sveitarfélögin haldi áfram að ráða fólk í þessi verkefni því enn sé þörf á fólki til starfa.

– birgir@bb.is



Vinsælt er að leggja leið sína upp í Naustahvilt. Nokkrir starfsmenn Orkubús Vestfjarða voru þar í síðustu viku ásamt fjölskyldum.

Næst tíu þúsundasta skráningin í sumar?

Rúmlega 9.100 manns hafa ritað nafn sitt í gestabókina í Naustahvilt á Kirkjubólshlíð en þessi gönguleið hefur verið gríðarlega vinsæl með Ísfirðinga og gesta síðustu ár. Bókin hefur verið geymd í Naustahvilt, í þar til gerðum kassa síðustu átta ár og nú, ef Ísfirðingar eru duglegir að hreyfa sig, er möguleiki á að tíu þúsundasta skráningin náist áður en sumrinu lýkur. Síðan Rúnar Óli Karlsson kom bókinni fyrir árið 2001 og Marzellíus Sveinbjörnsson ritaði fyrstur nafn sitt hafa gestir fjölmennt í hvíltina og við athugun í síðustu viku voru 9.106 skráningar komnar í bókina. Þar sem langmesta umferðin er að sumri til er ekki ólíklegt að tíu þúsundasta skráningin náist í ár.

Að sögn Marzellíusar, sem á sínum tíma var kallaður „ábúandinn í Naustahvilt“ eftir að hafa

farið þangað 100 sinnum á tveimur sumrum, er aldrei að vita nema þessi áfangi náist þegar liður á haustið. „Ég fer auðvitað ekki þangað upp eins og ég gerði, það er því erfitt fyrir mig að segja til um fjöldann sem leggur leið sína þangað upp núna. Það eru auðvitað gríðarlegar sveiflur, meira af fólki fer upp á góðviðrisdögum þannig að það er ýmislegt sem

spilar inn í. Það er aldrei að vita“, segir Marzellíus.

Naustahviltin er allhótt í Kirkjubólshlíð, austanvert við Skutulsfjörð, beint ofan við ytri endann á flugbraut Ísfirðinga. Lagt er upp í gönguna rétt frá þeim stað þar sem Kirkjubólshlíð var fyrir hálfri fjórðu öld brenndir til dauða fyrir galdra.

– nonni@bb.is

Góð 2ja herb. íbúð til sölu

Um er að ræða 77m² tveggja herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýli við Urðarveg 78, byggt 1985. Miklar endurbætur hafa átt sér stað sl., ár. Nýlengið er við utanhússviðgerð og málun, skipt var um allt gler og að innan er íbúðin nær öll endurgerð.

Upplýsingar í síma 893 7124.



ÍSAFJARÐARBÆR

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í LANDI VEÐRARÁR 2 Í BREIÐADAL, ÍSAFJARÐARBÆ

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi í landi Veðrarár 2, sunnan Breiðadalsár í Breiðadal, Ísafjarðarbæ skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagstillagan tekur til byggingu Breiðadalsvirkjunar. Gert er ráð fyrir að virkjunin verði um 150 kW og virkjað fall verði um 200 m, virkjað rennsli verði um 100 l/sek. Vatnsöflun fyrir virkjunina byggist á nýtingu lindarvatns og yfirborðsvatns úr Nautaskál. Lögð verður 300 mm vatnspípa í jörð frá inntakspró að stöðvarhúsi. Gert er ráð fyrir 3.200 m² lóð undir stöðvarhúsið, byggingarreitur fyrir stöðvarhúsið er jafn stór lóðinni. Hæð stöðvarhúss má vera allt að 5 m.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar www.isafjordur.is frá og með 2. júlí 2009 til og með 30. júlí 2009. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 13. ágúst 2009. Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar, Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1, Ísafirði. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Ísafirði 26. júní 2009.
Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri framkvæmda- og rekstarsviðs.



Árin tvö fyrir ekki liðið

Kristján Haraldsson verkfræðingur hefur verið framkvæmdastjóri Orkubús Vestfjarða – orkubússtjóri eins og starfsheitið er – frá öndverðu eða liðlega þrjá áratugi, hartnær þriðjung aldar. Ekki virðist ósennilegt að stofnun fyrirtækisins verði talin meðal þess merkasta og metnaðarfullsta sem Vestfirðingar í sameiningu hafa ráðist í fyrr og síðar.

Kristján er upprunninn á Hjaltreyri við Eyjafjörð, fæddur árið 1947 og því fremur nýlega skriðinn yfir sextugt. Þegar hann var sjö ára fluttist fjölskyldan suður yfir heiðar. Í fyllingu tímans lauk hann stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Laugarvatni og um haustið hélt hann til Bandaríkjaanna á Fulbright-styrk til náms í eðlis- og efnafræði um eins árs skeið. Þar lék hann fótbolta jafnframt náminu og hefur látið svo um mælt, að það hafi verið sérkennilegt og skemmtilegt að hafa komið frá því að vera meðalgutlari hér heima og verða knattspyrnustjarna í skólanum! Næsta haust hóf Kristján verkfræðinám við Háskóla Íslands og lauk þaðan fyrrihlutaprófi en fór síðan til Lundar í Svíþjóð og lauk þar verkfræðiprófi vorið 1974. Að námi loknu starfaði hann um fjögurra ára skeið hjá Íslenskum aðalverktökum á Keflavíkurflugvelli og fékkst við að kostnaðar-

reikna verk og semja um þau við bandaríska herinn.

Í fyrri hluta þessa viðtals eru málefnum OV gerð nokkur skil en í síðari hlutanum er vikið að einkahögum Kristjáns, fjölskyldu hans og áhugamálum.

Íhaldssemi í fjármálum kemur sér vel

Ekki síst í ljósi þeirra hremminga sem ganga yfir íslenskt samfélag og bæði fólk og fyrirtæki um þessar mundir er ekki óeðlilegt að spyrjast fyrir um stöðu Orkubús Vestfjarða. Kristján segir að hún sé gíska göð og rekur það ekki síst til íhaldssemi í fjármálum.

„Það eru um tuttugu ár síðan lánun var aflétt af fyrirtækinu í aðgerðum ríkisvaldsins“, segir hann. „Þá var verið að afnema verðjöfnunargjald af raforku en á móti komu aðgerðir hjá Rarík og Orkubúinu. Þá voru meðal annars felldar niður allar langtímaskuldir þessara fyrirtækja nema lífeyrisskuldbindingar.

Í framhaldi af þessu tók Orkubúið þá stefnu að fjármagna allar sínar framkvæmdir með eigin fé. Við tókum ekki stærri bita en það að við gátum ráðið við það með okkar eigin peningum og tókum engin lán. Staða fyrirtækisins þegar hremmingarnar dynja nú

yfir er því þannig, að skuldir þess eru nánast engar nema lífeyrisskuldbindingar, sem eru ekki svo ýkja miklar.

Þess vegna kemur Orkubúið vel standandi út úr bankahruninu og afleiðingum þess. Breytingar á gengi og vísitölu hafa ekki haft mikil áhrif á okkur. Vissulega hefur þetta þó áhrif á framtíðaruppbygginguna því að allt verður töluvert dýrara. Síðasta ár gerðum við upp með hagnaði og var það fjórða árið í röð sem við skilum beinum rekstrarhagnaði. Það má þakka eins og áður segir íhaldssemi í fjárfestingum ásamt því góða starfsfólki sem hefur verið trútt fyrirtækinu. Starfsmannavelta hjá okkur hefur verið frekar lítil þannig að við erum með reynt starfslið.“

Því má bæta við, að starfsmenn Orkubús Vestfjarða um allan fjórðunginn eru um sextíu talsins.

OV frumkvöðull á ýmsum sviðum

Þegar litið er til baka blasir við að Orkubúið hefur víða verið í forystu hvað nýjungar og framkvæmdir varðar, eins og Kristján greinir nánar frá.

„Fyrirtækið hefur sinnt forgönguhlutverki í mörgum málum tengdum orkufyrirtækjum og má þar nefna, að Orkubú Vestfjarða

er fyrsta og eina orkufyrirtækið sem þjónar heilum landshluta.

Orkubúið setti á stofn fyrstu rafkyntu hitaveituna á Íslandi. Slíkar hitaveitur eru nú í sex þéttbýliskjörnum hér vestra og þær eiga stóran þátt í góðri fjárhagsstöðu fyrirtækisins.

Orkubúið hóf fyrst allra orkufyrirtækja samrekstur rafveitu og hitaveitu en sú hefur síðan orðið raunin um allt land.

Orkubúið var fyrsta orkufyrirtækið til að lengja afskriftatíma vatnsaflsvirkjana úr fjörutíu árum í sextíu. Skömmu síðar fylgdi Landsvirkjun í kjölfarið.

Orkubúið var fyrst allra orkufyrirtækja landsins til að setja upp og fá innri öryggisstjórnunarkerfi samþykkt af Löggildingarstofu. Þannig má með sanni segja, að við höfum víða sinnt forgönguhlutverkum.“

Árangurslítill jarðhitaleit

„Ef hins vegar er litið til framkvæmda og fjárfestinga á seinni árum má nefna, að við höfum endurnýjað virkjanir eins og Reiðhjallavirkjun í Bolungarvík og Þverárvirkjun skammt frá Hólmavík og núna erum við í miðjum klíðum að endurnýja Mjólkárviðvirkjun í Arnarfirði. Ekki alls fyrir löngu byggði Orkubúið

virkjun í Tungudal í Skutulsfirði, að vísu ekki stóra.

Við höfum staðið fyrir jarðhitaleit og varið til hennar drjúgu fé. Því miður hefur árangurinn þar orðið ákaflega litill. Á síðasta ári boruðum við 1.700 metra holu hér inni í Tungudal og eyddum í það 180 milljónum. Borunin gekk vel en árangurinn varð enginn.“

Erfiðasta orkuflutningssvæði landsins

Kristján segir að vissulega hafi gengið á ýmsu í sögu Orkubús Vestfjarða.

„Maður er forsjóninni þakklátur fyrir að aldrei hefur orðið manntjón. Þetta er erfiðasta svæði landsins varðandi flutning á raforku. Það er nóg að líta á kort til að gera sér grein fyrir því. Hér eru há fjöll og þröngir firðir og erfið veður. Þessu kynnist auðvitað fólk hér fyrir vestan því að þetta er líka það svæði á landinu þar sem öryggi í afhendingu rafmagnsins er hvað lélegast.

Þessu höfum við reynt að mæta með því að byggja upp varaafli, þannig að það liður yfirleitt aldrei mjög langur tími á þéttbýlisstöðum þangað til rafmagn er komið aftur. Utslættir eru hins vegar ákaflega hvímlendið, hvort sem fólk er með eitthvað óvistað í tölvunni eða í miðjum klíðum

Kristján Haraldsson verkfræðingur hefur verið framkvæmdastjóri Orkubús Vestfjarða – orkubússtjóri eins og starfsheitið er – frá ondverðu eða liðlega þrjá áratugi, hartnær þriðjung aldar. Ekki virðist ósennilegt að stofnun fyrir-tækisins verði talin meðal þess merkasta og metnaðarfullsta sem Vestfirðingar í sameiningu hafa ráðist í fyrr og síðar.

fyrir vestan liðin enn

við eitthvað annað.“

Framtíðarkostir sem eru enn of dýr

– Þegar lítið er til næstu miss- era og ára, hvað er helst á döfinni? „Það sem við erum helst að fást við núna er endurnýjun Mjól- kárvirkjunar, eins og ég gat um áðan. Þar erum við um þessar mundir að velja viðskiptaaðila. Við buðum vélbúnaðinn út í lok síðasta árs og opnuðum tilboð í byrjun þessa árs. Síðan hefur farið fram tæknileg yfirferð og núna erum við að velja aðila til að ganga til samninga við. Eldri hluti Mjólkár-**virkjunar** er orðinn rúmlega fimmtíu ára og yngri hlutinn orðinn upp undir þrjátíu ára og það er einfaldlega kominn tími til endurnýjunar. Á næsta ári er fyrirhugað að ráðast í rúm- lega 1 MW virkjun við Borgar- hvílt í Mjólká. Síðan höfum við verið að skoða stóra virkjunarkosti hér á Vest- fjörðum. Við höfum skoðað svo- kallaða Glámu**virkjun** sem yrði 70-80 megavött. Hún er að okkar mati of dýr enn sem komið er til að koma til greina sem vænlegur virkjunarkostur. En eftir því sem gengur á hina ódýrari kosti lands- ins og farið verður kannski að vernda aðra, þá kemur einhvern

tímann að því að Glámu**virkjun** verður að veruleika. Sama á reyndar við um Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði á Ströndum sem við höfðum verið að skoða. Okkur þótti hún líka frekar óhagkvæm- ur kostur enn sem komið er. Þar komu hins vegar til sögunnar ungir og duglegir menn hjá fyrir- tækinu Vesturverki á Ísafirði og öfluðu sér vatnsréttinda þar, þannig að Hvalárvirkjun er nú alveg í þeirra höndum.“

Hugað að sjávar- fallavirkjunum

– Hefur Orkubú Vestfjarða eitthvað hugað að sjávarfalla- virkjunum með einum eða öðr- um hætti? „Ég get kannski ekki sagt að við höfum hugað mjög alvarlega að slíku. Hins vegar höfum við aðeins rekið nefið í þá hluti og reynt að fylgjast með því sem er að gerast í þeim efnum úti í hin- um stóra heimi. Þegar við vissum að átti að brúa Mjóafjörð hér inni í Djúpi höfðum við samband við Almennu verkfræðistofuna og fengum lauslega úttekt á sjáv- arfallavirkjun, sem yrði ef til vill möguleg á hagkvæman hátt sam- fara brúargerðinni. Niðurstaðan varð sú, að þessi virkjunarkostur væri allt of dýr miðað við aðra kosti sem til eru.

Við erum hins vegar með skemmti- lega rannsókn í gangi varðandi Flatey á Breiðafirði. Við þurfum að sjá eygni fyrir rafmagni sem í dag er framleitt með diselvélum. Þar kostar hver kílóvattstund um þrjátíu krónur í framleiðslu miðað við núverandi olíuverð en við selj- um hana hins vegar á tæpar fjórar krónur. Þar erum við að skoða ýmsa möguleika, meðal annars að setja skrófuhverfil út í strauma- sund sem myndi framleiða raf- magn.

Vegna þess hve núverandi fram- leiðslukostnaður er hár væri hægt að fara út í þessar nýju aðferðir eins og strauma- eða sjávarfalla- virkjun. Þekktar eru hugmyndir um sjávarfallavirkjun í Hvamms- firði sem ætti að geta skilað afli á við Kárahnjúkavirkjun, eftir því sem ég man best. Ég held nú samt að það sé bara á skoðunar- stigi.“

Osmósuvirkjun í undirbúningi

„Orkubúið er í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um gerð svokallaðrar himnuvirkjunar eða osmósuvirkjunar, sem gert er ráð fyrir að verði við Mjólkár- virkjun. Þetta verkefni á að sýna fram á að hægt sé að framleiða rafmagn með spennunumuninum sem myndast milli saltvatns og

ferskvatns þar sem það blandast saman.

Þetta tilraunaverkefni sem við færum í yrði mjög lítið, orkan frá þessari „virkjun“ myndi ef til vill duga fyrir eina peru eða svo, en fyrst og fremst væri verið að sýna fram á að þetta væri hug- mynd sem gæti gengið. Allt er þetta spurning um verð og þróun. Það kemur að þessu einhvern tímann en það gæti tekið áratugi þangað til það yrði raunhæfur kostur.“

Kjarnorka ekki raunhæf hérlandis

– Svo virðist síðustu árin sem erlendis sé á ný vaxandi áhugi á raforkuframleiðslu með kjarn- orku. Telur þú að hugsanlega geti komið til slíks í fyrirsjáanlegri framtíð hérlandis?

„Nei, ég hef nú ekki trú á því að Íslendingar muni þurfa að framleiða rafmagn með kjarn- orku. Til þess eigum við svo marga orkugjafa sem ekki eru nýttir ennþá. Við höfum ekki enn nýtt nema um þrjátíu prósent af virkjanlegu vatnsaflí í landinu og við eigum líka eftir að horfa til sjávarfallanna og svo fram- vegis.

Nýting kjarnorku er hins vegar tiltölulega ódýr aðferð til að framleiða rafmagn. Þar er þó eitt stórt vandamál sem hefur ekki verið að fullu leyst ennþá og það er hvað á að gera við hinn geisla- virka úrgang sem kemur frá kjarnorkuverum og menn hafa verið að urða fram að þessu. Það er hið stóra vandamál með kjarn- orkuna, fyrir nú utan að stór hætta er á ferð ef ekki er gætt fyllsta öryggis við rekstur kjarnorku- veranna.“

Verð á raforku hefur stórlækkað

Í lokin á þessum kafla sem snýr að orkumálunum má geta þess, að á starfstíma Orkubús Vestfjarða hefur orkuverð á Vest- fjörðum lækkað mjög að raun- virði. Nú er svo komið, að verð samkvæmt almennum taxta er aðeins rúmlega 40% af því sem það var þegar Orkubúið hóf starf- semi sína.

Stjórn Orkubús Vestfjarða hef- ur frá upphafi haft það að stefnu- miði að halda orkuverði á Vest- fjörðum eins lágu og nokkur kost- ur er og ekki gert kröfu um að fyrirtækið skilaði hagnaði eða arði til eignaraðila.

Árin tvö ekki enn liðin

– Að þér sjálfum. Nú eru meira en þrjátíu ár síðan þú komst hing- að vestur ungur maður til að stjórna hinu nýstofnaða orkufyr- irtæki Vestfirðinga.

„Já, ég kem hingað vestur í byrjun árs 1978. Þetta kom þann- ig til, að síminn hringdi heima

hjá okkur á Tómasarhaganum í Reykjavík og í símanum var vin- ur minn Þorvaldur Garðar Krist- jánsson alþingismaður. Hann sagði að verið væri að leita að manni til að stýra fyrirtæki sem verið væri að setja af stað og hétí Orkubú Vestfjarða. Hann sagðist þekkja mig og mína hæfileika og hvatti mig eindregið til að sækja um. Ég ræddi þetta við frúna og við ákváðum að ég myndi slá til og senda inn umsókn.

Þetta varð til þess að ég kom hingað vestur einhvern tímann eftir áramótin 1978 og ræddi við stjórnina og með okkur tókust samningar. Formlega hóf ég störf í maíbyrjun árið 1978 þó að ég hafi eitthvað verið hér fyrir þann tíma. Við hjónin ætluðum upp- haflega að vera hér bara í tvö ár– og þau eru ekki liðin enn. Hérna hefur okkur liðið vel. Hér hefur verið gott að ala upp sín börn og vera með fjölskylduna í faðmi fjallanna.“

– Má ég spyrja: Varla hyggur þú á annað starf úr þessu áður en þú kemst á eftirlaunaaldur?

„Þú mátt spyrja og ég skal svara: Ég myndi gjarnan vilja ljúka mínum starfsdegi hér við þau verkefni sem ég hef sinnt lungann af minni starfsævi. Það liður vissulega að því að henni ljúki. Ég sé það ekki fyrir mér að hefja störf á nýjum vettvangi. Að visu veit enginn sína ævina fyrr en öll hún er.“

Tónlistarskóli Ísafjarðar

– Hvað hefurðu einkum fengist við í tómstundum?

„Það er nú eitt og annað. Ef við víkjum fyrst að samfélags- legu hliðinni, þá var ég hér áður og fyrr dálítið í nefndastörfum fyrir Ísafjarðarbæ, gegndi for- mennsku í atvinnumálanefnd og sat í menningarnefnd um tíma.

Það sem hefur þó kannski tekið mest af félagsmálatíma mínum hefur falist í því að hlúa að Tón- listarskóla Ísafjarðar. Ég var ekki búinn að vera á Ísafirði mjög lengi þegar ég kynntist Ragnari H. Ragnar. Með eldmóði sínum hreif hann mig með sér og fékk mig árið 1983 til að koma í skóla- nefnd sem þá var sett á lagginar í fyrsta sinn við Tónlistarskólann og gerði mig þar að formanni. Þar hef ég verið allar götur síðan og sit enn og nýt þess að starfa með dugmiklum skólastjóra, Sig- riði Ragnarsdóttur, sem tók við skólastjórninni af föður sínum árið 1985.

Ég hef haft gaman af því að hlúa að Tónlistarskólanum. Mér finnst að hann sé mikilvæg mátt- arstoð fyrir bæinn og hafi gert hér marga góða hluti. Í þessu hlutverki hef ég komið að því að bæta úr húsnæðismálum skólans. Ég var formaður byggingar- nefndar skólans og tel að búið sé að koma honum mjög vel fyrir

vind og skólinn búi nú við þau skilyrði sem honum hæfir.“

Gaman að hitta kúluna sæmilega

„Hér áður og fyrr spilaði ég bríds af miklum krafti. Ég hef verið mjög virkur félagi í Frímúrarareglunni og starfið þar hefur gefið mér ákaflega mikið. Þegar ég tók við stjórn frímúrarastúkunnar Njálu hætti ég að spila keppnisbridge til þess að hafa einhvern tíma fyrir fjölskylduna.

Ég hef verið lengi í Rótarýklúbbnum hér á Ísafirði og gegni þar nú starfi klúbbforseta öðru sinni.

Upp á síðkastið er ég aðeins farinn að fíkta við golfið en það gengur mjög hægt. Ég gleðst yfir því þegar ég hitti kúluna sæmilega en reyni að gleyma hinu!“

Sonurinn í samkeppni við föðurinn

Eiginkona Kristjáns Haraldssonar er Halldóra Sigríður Magnúsdóttir, fædd og uppalin á Þingeyri, dóttir hjónanna Ingunnar Elínar Angantýsdóttur og Magnúsar Amlín, sem var lengi sparisjóðsstjóri og framkvæmdastjóri á Þingeyri. Þau Halldóra og Kristján kynntust á Laugarvatni þar sem þau voru bæði í skóla og bundust heitum ung að aldri.

Börn þeirra Halldóru og Kristjáns eru þrjú. Tvö voru þau búin að eignast áður en þau komu til Ísafjarðar. Elst er Ebba Áslaug, sem fædd er árið 1971. Hún er kennari við Ísaksskóla. Næstur er Magnús, sem fæddur er árið 1975. Hann er framkvæmdastjóri fyrirtækis sem heitir Orkusalan, en það er sá hluti Rarik sem annast framleiðslu og sölu á raforku. Hann hefur þannig með vissum hætti fetað í spor föður síns. Magnús nam reyndar tölvunarfræði en er núna í samkeppni við pabba sinn í orkusölu! Yngst barnanna þriggja er svo Ísfríðingurinn, Þórunn Arna, fædd 1983. Hún fór eins og hin börnin gegnum Tónlistarskóla Ísafjarðar og síðan í Listaháskóla Íslands og lauk þar söngnámi og lýkur væntanlega auk þess leiklistarnámi á næsta vori.

„Ljós móðir“ Orkubús Vestfjarða

Að lokum skal hér tilfærð klausa úr ávarpi sem Kristján Haraldsson flutti fyrir tæpum tveimur árum í tilefni þess að 30 ár voru liðin frá stofnfundi Orkubús Vestfjarða. Hún hefur að geyma annars vegar lítið eitt um upphafið og jafnframt eina af ótal mörgum tækifærisvísum Guðmundar Inga heitins Kristjáns-sonar skálds á Kirkjubóli í Ön-



undarfirði.

„Það voru framsýnir sveitarstjórnarmenn á Vestfjörðum með Fjórðungssamband Vestfirðinga í fararbroddi, sem hófu að huga að því hvernig orkumálum Vestfirðinga yrði best fyrirkomið í upphafi áttunda áratugar síðustu aldar. Það var sama hvert horft var, alls staðar blöstu við verkefni, meginþorri húsa var kyntur með olíu og hluti raforkunnar var framleiddur með díselvélum.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson þáverandi alþingismaður tók málið upp á arma sína, barðist fyrir stofnun orkufyrirtækis á fjórðungsvísu af öllu afli, vel studdur af Vestfirðingum. Hann vann Gunnar Thoroddsen á band sitt og Gunnar kom málinu í gegn hjá ríkisstjórninni. Þorvaldur Garðar er því réttnefndur „ljósmóðir“ Orkubúsins, eins og Guðmundur Ingi Kristjánsson orðar það í vísu ortri á aðalfundi 1979 þegar fluttar voru kveðjur frá þingmönnum sem komust ekki til fundarins.

Engan fjarstaddir þingmenn þreyta en Þorvaldur Garðar kom hingað fús. Líklega má hann líka heita ljósmóðir þessa Orkubús.

Þann 26. ágúst 1977 undirrituðu vestfirskir sveitarstjórnarmenn og Gunnar Thoroddsen þáverandi iðnaðarráðherra stofnsamning að Orkubúi Vestfjarða og hóf fyrirtækið rekstur um áramót rúmum fjórum mánuðum síðar.“

– Hlynur Þór Magnússon.

Ísafjörður í öðru sæti hjá Lonely Planet

Ísafjörður er í öðru sæti yfir mest spennandi áfangastaði landsins í nýjustu útgáfu vinsælustu ferðahandbókar heim, Lonely Planet. Listi handbókarinnar yfir „Top Picks“ setur Ísafjörð í annað sætið og skýtur þar með perlum eins og Gullfoss, Geysi, Bláa Lóninu og Mývatni ref fyrir rass. Á listanum er sagt að Ísafjörður sé afviknasti bær landsins í stórkostlegu umhverfi í hinum stórbrotnu Vestfjörðum. Það er greinilegt að höfundum bókarinnar hefur ekki leiðst Vestfjarðadvölin. Annar aðalhöfunda bókarinnar, Etain O’Carr-

ol, setur einmitt ferð um Vestfirði sem sína uppáhalds ferð um Ísland. Nefnir hún að þar sem samgöngur geri ferðamönnum oft erfitt um vik að ferðast um svæðið, þrauki fáir alla leið, og þess vegna sé það svona sérstakt. Hún segir til dæmis að dýralífið við Látrabjarg sé engu líkt sem og að aksturinn að og upplifunin við Dynjanda sé mögnuð.

Aksturinn yfir heiðar Vestfjarða sé líkt því að vera komin á tunglið en það sé þess virði þegar komið sé til stórborgar smábæjarins Ísafjarðar. Þaðan sé einnig hægt að komast að Hornströndum sem fangaði huga hennar með

fallegu landslagi, himinháum fuglabjörgum og krefjandi gönguleiðum. Vestfirðir með oddhvössu fjöllin og villtu klettana eru, að hennar sögn, líkt og að komast á heims-enda.

Lonely Planet hefur gefið út meira en 500 ferðahandbækur á átta tungumálum og selur útgáfan meira en sex milljónir ferðahandbóka á ári hverju.

Auk þess gefur Lonely Planet út ferðablað, framleiðir sjónvarpsþætti og heldur úti vefsíðu sem er ákaflega vinsæl meðal ferðamanna um allan heim.

– nonni@bb.is



Aðkoman fyrir ferðamenn að einu helsta kennimerki bæjarins er ekki falleg.

Engin áform um að lagfæra lóð Edinborgarhússins á Ísafirði

Engin áform eru uppi hjá Ísafjarðarbæ að lagfæra lóð Edinborgarhússins, en hún hefur verið þyrnir í augum bæjarbúa, sérstaklega þar sem þetta er ein aðal aðkoma fyrir ferðamenn bæjarins. Þar sem fundur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Norðurlandanna verður haldinn í Edinborgarhúsinu í byrjun næsta mánaðar hafa margir velt því fyrir sér hvort ekkert verði gert til að gera aðkomu gesta Ísafjarðar að einu helsta kennimerki bæjarins fallegri. „Það er engar áætlanir hjá bænum í augnablikinu að lagfæra þetta enda eru það nokkrar

milljónir sem það kostar að helluleggja svæðið“, segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Hugmynd kom upp um að svæðið yrði tyrft tíma- bundið þangað til fjármagn myndi fást til að klára framkvæmdir á svæðinu, en kostnaður við það yrði minniháttar.

„Kostnaður við að leggja gras á opna svæðið myndi kosta nokkur hundruð þúsund, en það þótti góður kostur þar sem hægt yrði að raka ógeðið sem safnast fyrir úr grasinu í svo auðveldara væri að þrifa það. Hinsvegar er svæðið í stanslausri notkun og því hætta

á að grasið fengi ekki nægan tíma til að jafna sig og traðkist út“, segir Halldór.

Hann skilur gremju margra og viðurkennir að svæðið sé oft á tíðum mjög sóðalegt. Hinsvegar sé þetta auðvitað lóð hússins og þeirra til að hugsa um, fólk verði einfaldlega að taka ábyrgð á því. „Ein hugmynd sem hefur einnig komið upp er að breikka göngu- stíginn sem liggur meðfram Pollgötunni. Það myndi ekki kosta mikið fjármagn og þannig væri meira pláss sem hægt væri að sópa, þannig væri auðveldara að halda svæðinu hreinu“, segir Halldór.

Blómagarðurinn undir árás

Blómagarðurinn á Austurvelli á Ísafirði er undir árás lifra. Hafa þær étið mikið af gróðri og tekið sér m.a. bólfestu á bekknum við Austurvöll. Ásthildur Cesil Þórðardóttir, garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar, hefur umsjón með garðinum. Hún segir lifurnar vera kvikindi sem sé nýtilkomið á norðanverða Vestfirði og segist ekki hafa séð það áður. „Það er að hlýna hjá okkur og þá fáum

við fleiri tegundir af kvikindum. Garðurinn er of lítið vökvaður og þá gýs þessi plága upp en það er búið að eitra fyrir henni núna,“ segir Ásthildur Cesil. Einnig er mikið um kóngulóarvefjum í runnum í garðinum en Ásthildur segir að hreinsun standi yfir og búið er að planta sumarblómum í garðinn. „Svo þarf að hreinsa betur illgresið því það er svo fljótt að poppa upp þegar gerir

smá rigningu,“ segir Ásthildur. Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar, segir lifuna vera plágu og því verði að sjá til hvernig eitrið virkar á hana. Hann segist hafa orðið var við lifuna í trjám víðar á Ísafirði en lifran étur allan gróður sem fyrir henni verður. Hann segir að reynt verði eins og unnt er að útrýma plágunni og farið verði í hreinsunarátak í garðinum hið fyrsta.



Lifurnar hafa tekið sér bólfestu á bekknum á Austurvelli.



Einnig er mikið um kóngulóarvefjum í runnum í garðinum.



Lifurnar eru sagðar éta allan gróður sem fyrir þeim verður.

Fyrstu rannsóknnum í Hornvík lokið

Fyrstu rannsóknarviku Melrakkaseturs Íslands í Hornvík er lokið í ár en í fyrra hófu starfsmenn setursins að meta viðbrögð refa við aukinni umferð ferðamanna um óðul þeirra og í nágrenni við greni. Tanja Geis, nemandi við Háskólasetur Vestfjarða, fylgdist með ferðamönnum og refum í 8 klukkustundir á dag í fimm daga. Einnig voru með í för þeir Tobias Mennle og Frank Drygala sem nú eru í Hornvík að mynda fjölskyldulíf ref-

anna en mynd þeirra mun fjalla um heilt ár í lífi refafjölskyldu á Íslandi. Ester Unnsteinsdóttir fór með fólkinu og fór á öll þekkt greni til að kanna hlutfall í ábúð og safna gögnum fyrir Melrakkasetrið og Náttúrustofu Vestfjarða. „Fólkið á Horni hefur verið duglegt að færa refunum mat og spekja þá svo óhætt er að segja að það sé líf og fjör meðal ferfætlinganna á svæðinu“, segir á vef Melrakkasetursins.



Gróðurskemmdir vegna utanvegaaksturs

Torfæruakstur utan vega í Syðridal í Bolungarvík hefur aukist til muna í sumar. Nýta ökuþórar á torfærumótorhjólum sér landsvæði rétt utan við Syðridalsvöll, golfvöll Golfklúbbs Bolungarvíkur. Bolvískir kylfingar eru ekki sáttir með þennan akstur. Mikið votlendi er á svæðinu sem hefur verið spænt upp. Haustið 2006 hafði stjórn GBO áhyggjur af torfæruakstri utan vegar fyrir innan golfvöllinn og síðan þá hefur hann aukist. Hafa forsvarsmenn klúbbsins velt því fyrir sér hvort leyfi hafi verið veitt fyrir akstrinum sem og hvort ekki hafi þurft umsögn frá

Náttúrustofu Vestfjarða þar sem viðkvæmt fuglalíf er á svæðinu. Samkvæmt upplýsingum frá bæjaryfirvöldum í Bolungarvík, hefur enginn sótt um tilheyrandi leyfi. Landsvæðið, sem er í eigu Bolungarvíkurkaupstaðar, er á milli sandnámu bæjarins og þjóðveg- arins í Syðridal. Slíkur akstur torfærutækja getur valdið alvarlegum gróðurskemmdum og er svo komið að gróður innan marka golfvallarins hefur orðið fyrir skemmdum vegna þessa. Í lögum um náttúruvernd, nr. 44/1999 er kveðið á um bannað sé að aka vélknúnum ökutækjum utan vega og í reglugerð um takmarkanir á

umferð í náttúru Íslands, nr. 528/2005 er áréttuð sú meginregla að óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega í náttúru Íslands. Þar er jafnframt tekið fram að akstur torfærutækja sé aðeins heimilt utan vega á til þess samþykktum svæðum. Er því ljóst að þar með eru viðkomandi ökuþórar að brjóta gegn ákvæðum 1. mgr. 17. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Jón Fannar Kolbeinsson, fulltrúi sýslumannsins á Ísafirði, segir nokkur slík mál hafa farið fyrir dómstóla en ákærvaldið þurfi að hafa skýr sönnunargögn gegn gerendunum og standa þurfi



Mikið votlendi er á þessu svæði og er búið að spæna það upp. Þá að verki. Lögreglan mun því á þessu svæði hér eftir þar sem fylgjast vel með akstri utan vega um vítaverðan akstur er að ræða.

Bloggið

Kreppan kom- in í gufuna

Fátt þykir mér yndislegra en að skella mér í gufu eftir langan vinnudag. Það er bara eitthvað svo afslappandi og róandi. Nú er maður öruggari með sig eftir að speglarnir minnkuðu í sturtunni og enginn sér mann lengur - og já, maður sem er í eins og grískur guð í sumarfríi hann vekur auðvitað eftirtekt. En ástandið er ekki gott. Nei það er alls ekki gott. Það er svo slæmt að þeir fjarlægðu ekki speglana alveg - heldur minnkuðu þá. Já og það er svo slæmt að Mummi Þór kom með sinn eigin ofn í gufuna! Bærinn skaffar semsagt lítið herbergi með viðarklæðningu og bekkjum - vatn og gamla ausu. En ofninn bilaði og því hefði orðið kalt í klefanum ef hann Mummi minn hefði nú ekki barasta komið með ofninn með sér. Og fyrir þetta tók bærinn gjald - og Mummi blessaður fékk ekki krónu.....

Þetta er farið að minna mann á gamla daga þegar sá sem átti boltann réð öllu. Spurning hvort að Mummi hendi manni út ef maður er ekki sammála honum?

Tja...það myndi ég gera.....

Þorleifur Ágústsson – <http://tolliaugustar.blog.is>

Íslensk rétt- vísi er fífl

Sigurjón Magnús Egilsson og Erla Hlynisdóttir hafa nú verið sýknuð í sakamáli vegna þess að þau kölluðu fíkniefnasmyglara fíkniefnasmyglara. Samt þurfa þau að bera kostnaðinn af málaferlunum. Ríkið ákvað hins vegar að borga fyrir fíkniefnasmyglarann þannig að hann þarf ekki að bera neinn málskostnað.

Multum absurdum in capite vaccae.

Hér með leyfi ég mér að kalla íslenska réttvísi fífl. Varla er ég þó nógu merkilegur til að verða saksóttur fyrir slík ummæli. En ef svo færi, þá yrði ég sýknaður. Ég væri einfaldlega að segja það sem satt er og jafnframt á almannavitorði. Dómafordæmi sýna að það er leyfilegt að segja sannleika sem er jafnframt á almannavitorði.

En – ég yrði að bera kostnaðinn af því að verja mig gagnvart ákæru fyrir að segja sannleika sem er jafnframt á almannavitorði.

Hlynur Þór Magnússon – <http://hlynur.eyjan.is>

Sakamál í Víkinni

[...] Aðrir sem heimsóttu Einarshús um helgina kvöddu ekki með kurt og þí líkt og skipti-neminn heldur létu greipar sópa um muni hússins og skemmdu og eyðilögðu í ölaði. Vertinn varð því að leggjast í rannsóknir og segja má með sanni að hvorki Herkjúl Peró né Sjerlokk Hólms komust hvorugir með hælana þar sem títtnefnd hafði tærnar þegar kom að því að leysa þetta einstaka glæpamál. Hringurinn þrengdist æ meira um tiltekna aðila og loks var látið til skarar skriða og meint-ir teknir tali aftéðum Vert. Svona til glöggvunar fyrir lesendur þá skal það tekið fram að heimsóknin til þeirra sem lágu undir grun var engin sérstök kurteisishimsókn enda gaf hún ekki tilefni til slíks. Heimsóknin skilaði þó tilætluðum árangri og þýfinu var skilað er dagur var allur og glögglega sást glitta á tár er beðist var afsökunar á tiltækinu og iðrunin virtist augljós. Það ætti því að vera hverjum manni ljóst sem les þessa frásögn af þessu einsæða sakamáli að betra er að haga sér vel og lifa eftir þeirri grundvallarreglu að ganga vel um hús sorgar og gleði og bera virðingu fyrir þeirri uppbyggingu sem þar á sér stað.

Ragna J. Magnúsdóttir – <http://vertinn.blog.is>



Terry og Lynn frá Reading í Englandi

Terry og Lynn voru í sinni fyrstu heimsókn til Íslands en blaðamaður kom að þeim þar sem þau nutu sólarinnar á Silfurtorgi. „Okkur hefur lengi langað til að heimsækja Ísland. Við ákváðum því að fara með Artemis en í þessari ferð eru margir viðkomustaðir og því gefst okkur tækifæri til að skoða landið nokkuð vel. Ísland er eitt þessara landa sem maður heyrir alltaf um og fólk segist langa til að heimsækja en gerir aldrei, við ákváðum því að

fara“, segir Terry.

Það kom hjónunum á óvart hvað veðrið var gott á Ísafirði en þau óttuðust að iskalt yrði í bæ með nafn sem þetta í landi með eins kuldalegu nafni. Þau nýttu morguninn í að fara í bátsferð til Hesteyrar, en eftirmiðdaginn nýttu þau í að rölta um bæinn og slaka á. „Það er alveg ótrúleg ró yfir svæðinu sem við kunnum vel að meta“, segir Terry. „Umhverfið, náttúran og dýralífið er stórkostlegt, við urðum ekki fyrir

vonbrigðum með það. Ísafjörður er mjög fallegur og yfirvegaður bær, rólegheitin eru mjög notaleg og það er yndislegt að labba um bæinn. Hérna er maður alveg laus við álag og fólkið er mjög vinnleglegt. Við værum meira en til í að koma hingað aftur.“ Þegar blaðamaður spurði þau hvað Ís-firðingar geti gert til að gera dvöl ferðamanna sem eftirminnilegasta svarar Terry einfaldlega: „Í guðanna bænum Ísafjörður, ekki breytast.“



Carsten og Ania frá Berlín í Þýskalandi

Carsten og Ania frá Berlín í Þýskalandi voru augljóslega ferðamenn þó blaðamann hafi grunað rangt þegar hann taldi að þau væru af skemmtiferðaskipunum. Þau voru í sinni annarri heimsókn til Íslands en síðast fóru þau hringveginn og því ekki til Vestfjarða, þessi ferð var til að bæta úr því. „Þegar við ákváðum að sneiða framhjá Vestfjörðum síðast, þá var það ekki hugmynd okkar að koma aftur næsta

ár. Hins vegar hefur verðlag hrúnið hérna á Íslandi og því ákváðum við að skella okkur til Vestfjarða, við hefðum ekki átt möguleika á því nema út af veikingu krónunnar“, segir Ania.

Þeim hafði líkað dvölin hingað til en það er þó eitt sem fær ekki háa einkunn hjá hjónunum og það eru samgöngur. „Hér er ekkert hægt að fara nema maður sé með góðan einkabíl því rútur eru sjaldséðar og bílaleigubílar eru

alltof dýrir. Við höfum samt getað komist um á puttunum, við fórum á Suðureyri, Flateyri og komumst alla leið á Þingeyri á puttunum, en ekki lengra“, segir Carsten. Eitt hafði þó staðið upp úr á Ísafirði að sögn hjónanna, en það er veitingastaðurinn í Tjörúhúsinu þaðan sem þau voru nýkomin úr hádegismat. „Ótrúlegur matur“, segja þau næstum í kór. „Mjög góður veitingastaður.“



„Í guðanna bænum Ísafjörður, ekki breytast“

Fimmtudagurinn í síðustu viku var sennilega mesti erilsdagur sumarsins á Ísafirði hvað varðar ferðamenn, en tvo farþegaskip sóttu þá bæinn heim. Alls tóku skipin tvo, Artemis og Spirit of Adventure, rúmlega 1.800 farþega, og því jókst íbúafjöldi bæjarins um rúmlega helming þann dag. Bæjarbúar tóku vafalaust eftir aragrúa ferðamanna sem þeyttust um í rútum og bátum á leið sinni að skoða helstu viðkomustaði í nágrenni Ísafjarðar til að nýta daginn sem best. Aðrir kusu einfaldlega að slappa af og spóka sig um í bænum, enda bauð góða veðrið upp á það. Óformleg konnun Bæjarins besta leiddi í ljós að gestir Ísafjarðar voru ánægðir með heimsóknina, og það var ekki bara veðrið sem heillaði.



John og Jill frá Exeter í Englandi

Þetta er fyrsta heimsókn hjónanna hingað til lands. Þau voru búin að vera að fylgjast með leiklistarhópnum Morranum leika listir sínar í Neðstakaupstað og bragða brennivín í fyrsta skiptið þegar blaðamaður náði af þeim tali. „Landið er alveg stórfenglegt“, segir Jill. „Við sáum miðnætursólina norður af landinu í skipinu okkar í gær, sem hafði mikil áhrif á okkur, við höfum aldrei séð neitt þessu líkt.“ Þau segjast hafa kynnt sér landið vel áður en lagt var af stað og því lítið sem hafi komið þeim hjónunum á óvart. „Ísland var nákvæmlega eins og ég bjóst við, það kom ekkert á óvart“, segir John. Þau segja það greinilegt að lífið hafi verið erfitt fyrir íbúa Íslands miðað hvernig það kemur þeim fyrir sjónir.

„Það er lítið um falleg blóm og fallega snyrt hús og svoleiðis, það hlýtur að vera erfitt að búa hérna. Það kemur manni þannig fyrir sjónir miðað við hvernig við höfum það í Bretlandi“, segir John. Þau nýttu ekki daginn í skoðunarferðir heldur ákváðu þau í staðinn að njóta þess að spóka sig um í bæinn og voru afar ánægð með daginn. „Við gengum um og fórum út um allt, það var mjög notalegt. Við sátum við kaffihús og slöppuðum af og það er skemmtilegt andrúmsloft í bænum, hann er mjög fallegur og fólkið er mjög vingjarnlegt. Það er aldrei að vita nema maður komi aftur við á Ísafirði til að slaka á og njóta sín.“



Barry og Jean frá Kent í Englandi

Barry og Jean segja ástæðuna fyrir komu þeirra að þau hafi einfaldlega aldrei komið hingað áður. Ísafjörður hafi ekki verið sérstakur óska viðkomustaður heldur hafi þetta verið hluti af áætlun skipsins. Þau urðu hins vegar ekki fyrir vonbrigðum. „Vestfirðir og Ísland voru stærri og mikilfenglegri en við bjuggumst við. Landslagið hérna, með þessum stóru jökulskornu fjörðum, er mjög fallegt.“ Þau nýttu daginn í að rölta um bæinn ásamt því að slást í rútuferð til Bolungar-

vikur og skoða safnið í Ósvör sem þau höfðu mjög gaman af. „Þetta lítur út fyrir að vera mjög einangraður staður. Vegirnir eru ekki mjög góðir og það virðist vera mikil hætta á einangrun þegar vetur skellur á, ég skil ekki alveg hvernig fólk þraukar hérna í snjónum og myrkrinu“, segir Jean. „Sumarið virðist vera mjög fallegt samt og veðrið betra en við bjuggumst við, en við tókum með okkur aragrúa af þykkum fötum sem við munum ekki þurfa á að halda“, segir Barry. Það er eitt sem heillar þau, en það er að

sjá alla ungu krakkana við vinnu á Ísafirði. „Það er gaman að sjá krakka hjálpa til við að gera bæinn að betri stað. Það er greinilegt að eitthvað sem þetta myndi hjálpa mikið til í Bretlandi og kenna krökkunum þar ýmislegt hvað varðar vinnusemi og góð gildi. Aðstaða til íþróttavirðis einnig vera til fyrirmyndar hérna, íþróttahús og íþróttavöllur ásamt skíðasvæði, það er eitt hvað sem ég bjóst alls ekki við á svona litlum og afviknum stað“, segir Barry.

smáar

Óska eftir notaðri frystikistu. Uppl. gefur Margrét í síma 456 4451 eftir kl. 16.

Bráðvantar stórt húsnæði á Ísa-firði fyrir sex manna fjölskyldu út ágúst 2010. Upplýsingar í síma 865 9909.

Til sölu er 40m² bílskúr að Suð-urtanga. Tilboð óskast. Uppl. í síma 866 1161 (Sigrún).

Til sölu er Fleetwood Yuma 9,5 feta fellihýsi árg. 2006. Mjög vel með farið. Selst með eða án for-tjalds. Uppl. í síma 696 7316.

Til sölu er Carena barnakerra. Vel með farin. Upplýsingar í síma 899 5319.

Fjögurra manna fjölskylda og hundur óska eftir húsnæði sem fyrst. Í síðasta lagi frá 1. sept-ember. Miklir snyrtipinnar og öruggum greiðslum heitið. Uppl. í síma 898 8828 (Ásthildur).

Tilbúinn í íbúðaskipti. Þarf að vinna tvær vikur á Ísafirði í júlí. Er með nýja 3ja herb. íbúð, 105 m² íbúð í útjaðri Reykjavíkur. Tilbúinn að hafa tímabundin íbúðaskipti til tveggja vikna frá 6. júlí. Upplýsingar gefur Sveinn í síma 897 5221.

Fái frítt í strætisvagna

Margrét Halldórsdóttir, íþrótt- og tómstundafulltrúi Ísafjarðarbæjar og Kristín Ósk Jónasdóttir, grunnskóla-fulltrúi, hafa lagt til við bæj-arráð að börn á grunnskóla-aldri verði veittur gjaldfrjáls aðgangur að strætisvögnum Ísafjarðarbæjar. Í dag fá ein-ungis börn yngri en sex ára ókeypis í strætisvagnana.



Litlibær í Skötufirði verður opinn fyrir ferðafólk í sumar.

Peningaskortur á Litlabæ

Lítið verður um framkvæmdir á Litlabæ í Skötufirði í sumar vegna skorts á fjármagni. Þetta segir Kristján Kristjánsson frá Hvítanesi í Skötufirði en Litlibær er í umsjón hans og konu hans, Sigríðar Hafliðadóttur. „Ég er búinn að vinna þarna eitthvað í vetur og búinn að klára mestallt inni,

það á bara eftir að mála“, segir Kristján. „Ég er samt hræddur um að það verði voða lítið um framkvæmdir í sumar vegna peningaskorts. Það fæst enginn peningur frá Húsafriðunarnefnd fyrir sumarið. Þetta er voða dapurt en svona er það bara, ég ætla samt að reyna að vinna eitthvað í

þessu í sumar.“ Kristján segir að mikið hafi verið um gestagang síðasta sumar og fjöldi þeirra sem leggi sér leið á Litlabæ sé sífellt að aukast. „Við reynum að hafa hérna opið eins mikið og við getum í sumar. Það verður að minnsta kosti alltaf heitt á könnunni og fólk er alltaf

velkomið. Svo ef það er enginn við þá er alltaf hægt að hringja og við komum líkt og við gerðum í fyrra“, segir Kristján. Litlibær í Skötufirði í Ísafjarðardjúpi var byggður var af þeim Finnboga Péturssyni og Guðfinni Einarssyni árið 1895. Bærinn var gerður upp árin 1998-2002 af Þjóðminjasafninu og er opinn ferðafólki.

– nonni@bb.is

Strandblak á Þingeyri

Annað stigamót Blaksam-bands Íslands í strandblaki verður haldið á strandblakvöllunum á Þingeyri 4. júlí. Mótið hefst kl 8:45 og stendur fram eftir degi. Efsskráning er mikil, verður hluti mótsins spilaður á sunnudegi. Mjög góð þátttaka hefur verið undanfarin ár á mótunum á Þingeyri, en von er á enn meiri þátttöku þetta árið að sögn móts-haldara. Þess má til gamans geta að Þingeyringurinn Laufey Björk Sigmundsdóttir sigraði ásamt félaga sínum Lilju Jónsdóttur í kvennaflokki á fyrsta stigamóti sumarsins.

Strandblak hefur notið mikilla vinsælda á Þingeyri undanfarin ár en Íþróttafélagið Höfrungur stóð fyrir gerð strandblakvalla á staðnum árið 2005. Vellirnir eru tveir, hvor um sig 8x16 m að stærð, og sandurinn í völlum kemur frá Önuðarfirði.

Ferðasumar

Stakkur skrifar

Aðstæður hafa breyst síðan fyrir ári og fólk mun ferðast mun meira um Ísland en þá og vonandi verða Vestfirðir ekki útundan. Komið hefur í ljós að margir Íslendingar telja Vestfirði vera einn fallegasta hluta Íslands. Þó er við margan fagran staðinn að keppa í þeim efnum, enda má öllum vera ljóst að Ísland býr yfir ótrúlegri náttúrufegurð. Það hyggjast margir nýta sér í sumarleyfinu í stað ferða til útlanda, sem hafa hækkað í verði eðli málsins samkvæmt, auk þess sem dýrt er að framfleyta sér á erlendri grundu meðan gengið fellur stöðugt og engan veginn virðist komast á þau mál nauðsynleg festa.

Fyrir útlendinga gerir það Ísland að fýsilegum ferðakosti, enda hagstætt að kaupa allt á Íslandi fyrir þá sem eiga erlendan gjaldeyri. En þá verður að gæta þess að ofbjóða ekki Íslendingum sjálfum með of háu verðlagi. Verði það ekki gert ættu Íslendingar að geta skapað sér gott ferðasumar og styrkt þar með þjóðarbúið og sparað gjaldeyri. Tækifærin eru mörg og það hafa hugvitsamir duglegir Vestfirðingar nýtt sér, mörgum til gagns. Það er arðvænlegur atvinnuvegur að fá útlendinga í heimsókn til að veiða á sjóstöng og ferðir á Hornstrandir verða æ vinsælli. Enn sem fyrr er galli að hótél skortir, nema helst á Ísafirði. Fyrr eða síðar verður að skipuleggja ferðamál á Vestfjörðum með þeim hætti að unnt sé að taka við stórum hópum víðar en á Ísafirði.

Ísfirðingar eiga mikla frumkvöðla í ferðamálum, þau hjón Ás-

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Bolungarvík.

Ekki gert ráð fyrir auknum tekjum

Þriggja ára áætlun Bolungarvíkurkaupstaðar gerir ekki ráð fyrir aukningu tekna á föstu verðlagi þann tíma sem hún nær yfir, þ.e. árin 2010 til 2012. Tekjur milli árunna 2009 og 2010 minnka um 13 milljónir króna, þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir 10% verðbólgu á árinu 2009 og 5% verðbólgu á árinu 2010. Ástæða þess að gert er ráð fyrir minni tekjum er sú að miklar framkvæmdir eru í gangi á þessu ári í sveitarfélaginu, sem klárast væntanlega um mitt næsta ár. Þar er sérstaklega átt við framkvæmdir við jarðgöng, en þær framkvæmdir hafa haft jákvæð áhrif á útsvarstekjur sveitarfélagsins. Áætlunin byggir á vinnu við endurskipulagningu á rekstri sveitarfélagsins undanfarna mánuði. Áætlunin er sögð stefnu-markandi fyrir rekstur og fjár-

festingar bæjarfélagsins á næstu árum. Búið er að setja inn í áætlun fyrir árið 2010 ákveðnar framkvæmdir en á árinu 2011 og 2012 er settur rammi um fjárfestingar, án þess að ákveða í hvaða röð verður farið í fjárfestingar, og er það í samræmi við 63. grein sveitarstjórnarlaga og 8. grein bæjar-málasamþykktar.

Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs verði óbreytt öll árin og er þá miðað við sömu fjárhæð og í fjárhagsáætlun 2009, en í henni er reiknað með lækkun frá rauntölum 2008 um 15% eða 24 milljónir króna. Reiknað er með að aðrar tekjur séu 3% lægri en í áætlun ársins 2009 og haldist óbreyttar 2010, 2011 og 2012. Áætlunin gerir ráð fyrir verulegri lækkun launakostnaðar sem kemur til vegna þeirra hagræðinga- og sparnaðaraðgerða sem

hrint hefur verið í framkvæmd í kjölfar vinnu við fjárhagsáætlun ársins 2009. Ljóst er að mikils aðhalds er þörf til að þær áætlanir gangi eftir. Það mun ójákvæmilega reyna talsvert á yfirstjórn og stjórnendur stofnana bæjarfélagsins að fylgja þeim áætlunum eftir næstu árin. Á sama hátt mun reyna á stjórnendur við niðurskurð á öðrum rekstrarkostnaði, enda þótt þar sé um lægri upphæðir að ræða.

Þær fjárfestingar sem búið er að gera ráð fyrir í áætlun ársins 2010 eru í félagsheimilinu, en þar er reiknað með að fjárfest verði fyrir 40 milljónir króna. Þá er gert ráð fyrir fjárfestingu í snjóflóðavörnum fyrir 19 milljónir króna. Samtals er reiknað með 59 milljóna króna fjárfestingu á árinu 2010. Á árinu 2011 og 2012 er reiknað með að fjár-

festa fyrir 50 milljónir króna hvort ár. Fjárfestingarnar eru ótilgreindar, en ljóst er að ef áætlanir ganga eftir, er ekki tekin áhætta með slíkum fjárfestingum, enda sýnir efnahagsreikningurinn það glögglega að jafnhliða er verið að vinna niður skuldir sveitarfélagsins.

Áætlunin er sögð þola ákveðna verðbólgu án þess að allt fari úr skorðum, en þá munu skuldir vissulega greiðast hægar niður. Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði nálægt 150 milljónum króna hvert ár á meðan afborganir langtímalána eru 75 milljónir á árinu 2010. Á árunum 2011 er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur verði nýttur til að greiða enn frekar niður lán sveitarfélagsins. Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á tímabilinu. Skuldir og skuldbindingar Bol-

ungarvíkur voru í lok ársins 2008 1195 milljónir króna en veltu-fjármunir voru 125 milljónir króna. Nettóskuldir voru því 1070 milljónir. Áætlunin gerir ráð fyrir að nettóskuldir verði komnar í 921 milljón í lok ársins 2010 en í lok ársins 2012 verði þær 718 milljónir.

Fjárhæðirnar miðast við að verðbólga ársins 2009 verði 10% og 5% árið 2010. Ekki er reiknað með verðbólgu á árunum 2011 og 2012 í áætlunum enda erfitt að spá fyrir um verðbólgu eftir tvö til þrjú ár. Eigið fé sveitarfélagsins sem nú er neikvætt, verður samkvæmt áætluninni orðið jákvætt í lok árs 2010 um 25 milljónir króna, jákvætt um 141 milljón króna í lok árs 2011 og jákvætt um 259 milljónir í árslok 2012.

– birgir@bb.is

„Afhendingaröryggi raforku vinnur gegn jákvæðri byggðapróun“

Nauðsynlegt er að afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum verði bætt en ástandið eins og það er í dag vinnur gegn jákvæðri byggðapróun að mati Einar Kristins Guðfinnssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokks. „Afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum er óviðunandi“, segir Einar Kristinn. „Það er ekki bara þannig að það veldur kostnaði við rekstur heimila og fyrirtækja, en það bókstaflega kemur í veg fyrir atvinnusköpun og er þess vegna til þess fallið að vinna gegn jákvæðri byggðapróun.“

Í nýlegri skýrslu Landsnets

kom fram að afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum sé það allra versta á Íslandi og voru lagðir til ýmsir kostir til að bæta ástandið. Þetta varð til þess að Einar varð í forsvari fyrir þingsályktunartillögu um að ríkisstjórnin vinni að áætlun um að bæta afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. „Það eru auðvitað stór tíðindi þegar því er slegið til í opinberri skýrslu að afhendingaröryggi raforku sé það versta á Íslandi“, segir Einar. „Það er ástand sem þingmenn, sveitarstjórnarmenn og íbúar Vestfjarða geta ekki látið viðgangast. Þess vegna

var bráðnauðsynlegt að setja fram þess tillögu til þess að Alþingi tæki afstöðu til þess hvort það vildi setja upp áætlun um hvernig verði bætt úr þessu og leggja grunninn að uppbyggingu jákvæðrar byggðapróunar á Vestfjörðum.“

Einn möguleiki sem var nefndur í skýrslu Landsnets og hefur hvað helst verið ræddur er framkvæmd Hvalárvirkjunar í Ófeigsfirði en auk þess hefur stækkun Mjólkárviðvirkjunar verið rædd. Tengikostnaður við Hvalárvirkjun er þó gríðarlega mikill, eða 2,3 til 3,3 milljarðar, og er

þetta ekki talinn hagkvæmur kostur nema þessi kostnaður falli niður. Einar Kristinn vonast til að ríkið sjái kosti þess að koma inn í málið. „Besti kosturinn til þess að auka afhendingaröryggi á raforku er að fara í virkjunarframkvæmdir. Til þess að það sé vit í því að fara í þessa virkjun þá þarf hið opinbera að koma til móts við okkur. Ég tel að það séu full rök fyrir því þar sem hér væri verið að byggja upp innviði í samfélaginu líkt og um vegi væri að ræða og eðlilegt að ríkið komi að því“, segir Einar.

Ráðist hefur verið í mikinn

niðurskurð hjá hinu opinbera upp á síðkastið og virðist ekkert lát vera á sparnaðaraðgerðum. Einar viðurkennir að ástandið hjá ríkinu um þessar mundir valdi vissulega áhyggjum þegar óskað er eftir svona mikilli upphæð. „Það er full ástæða til þess að hafa áhyggjur út af ástandinu í dag enda stendur sérstaklega illa hjá ríkissjóð um þessar mundir. Það breytir því ekki að það þarf að þökast áfram í framfaramálum og þetta er eitt af þeim verkum sem þarf að ráðast í“, segir Einar Kristinn Guðfinnsson.

– nonni@bb.is

Lífstill



Valdimar Jóhannsson.

Úr rokkinu í dansinn

Ísfrski rokkarinn Valdimar Jóhannsson hefur vakið mikla athygli upp á síðkastið ásamt kærustu sinni, dansaranum Ernu Ómarsdóttir, en þau hafa upp ferðast um Evrópu með dansverk sem hann semur tónlist fyrir og flytur. Nýjasta verk þeirra, *Teach us to outgrow our madness*, hefur verið sýnt víðsvegar um Evrópu og núna síðast í Þjóðleikhúsinu en Erna hefur verið að festa sig í sessi sem einn eftirsóttasti dansari Evrópu. Nýjasta verk hefur fengið glimrandi góða dóma í

Morgunblaðinu en einnig var fjallað um það í Kastljósi þar sem tekið var viðtal við parið hæfileikaríka. Þau eru núna í stuttu frii á Íslandi áður en haldið verður til meginlandsins aftur, en þar eru þau meðal annars bók-uð á sýningar í Króatíu, Frakklandi og Ítalíu.

Að sögn Valdimars kann hann vel við að semja tónlist þrátt fyrir rokkætturnar, en hann er meðlimur rokksveitanna Reykjavík! og 9/11s. „Ég vil ekki festa mig í einhverri tónlistarstefnu. Ég kann

að meta allt og hlusta til að mynda mikið á klassíska tónlist“, segir Valdimar. „Tónlist er alltaf tónlist. Nema Enya... það er viðbjóður, glæpur.“ Hann segist alls ekki búinn að segja skilið við rokksveitirnar en hann sér sig í að semja fyrir dansverk í nálægri framtíð. „Það er tilbreyting að ná að lifa af tónlistinni en ekki bara hafa þetta sem hobbí, ég get því séð fyrir mér að gera þetta í einhvern tíma í viðbót“, segir ísfrski rokkarinn Valdimar Jóhannsson.



Dómínó

Evel Knievel, réttu nafni Robert Craig Knievel (1938-2007), er frægastur allra áhættuakstursmanna. Sérgrein hans var að stökkva með ýmsum hætti á motorhjóli, svo sem yfir fjölda bíla eða yfir gil og gljúfur. Á ferlinum hlaut hann 37 beinbrot enda voru slysin sum hver sem hann lenti í hin skuggalegustu. Þannig hlaut hann harða landingu árið 1971 þegar honum mistókst að stökkva yfir þrettán Pepsiflutningabíla og braut þá m.a. báða fætur, handlegg og viðbein, svo að eitt dæmi sé tekið.

Ýmsir hafa fetað í fótspor Knievels bæði á motorhjólum og bílum. Á myndinni er einn þeirra, áhættuleikarinn og ofurhuginn Spanky Spangler, að leika dómínó með þeim hætti, að hann kemur fljúgandi á bíl sínum og fellir strætisvagn sem aftur lendir á öðrum strætisvagni og fellir hann líka. Þetta gerði hann á Evel-Knievel-dögum í Montana í Bandaríkjunum.

utan úr heími



Hin fullkomna kona

Hjá tannlækninum? Eða hjá lýtalækni að fá botox í varirnar svo að þær verði kyssilegri? Hvorugt. Hér er einfaldlega handverksmaður í Perú að mála sýningargínu. Árangurinn verður að lokum væntanlega hin fullkomna kona - a.m.k. hvað útlitið snertir.



Gerviblóm

Fækkun fæðinga og stöðugt hærri meðalaldur valda því að leikfangagerð í Japan tekur breytingum til þess að ná til nýrra viðskiptavina. Á leikfangakaupstefnum ber stöðugt minna á brúðum og smábílum og öðru smálegu fyrir krakka en í staðinn koma leikföng fyrir fullorðna. Eins og þessi elektrónísku blóm, sem vagga sér eftir tónlist og skipta litum og blikka ljósum. Og hljóta að vera betri og fullkomnari og skemmtilegri á allan hátt en hinn frumstæði og óspennandi blómgróður sjálfrar náttúrunnar.

Þrjár gamlar og góðar

Sælkeri vikunnar býður upp á þrjár uppskriftir sem hann segir vera gamlar og góðar. Fyrsta uppskriftin er kaldur brauðréttur og síðan er uppskrift er dýrindis Mango-lambapotttréttur, enda segir Unnur að lambið sé alltaf best. Í eftirrétt er síðan hægt að gæða sér á fljótlegri sælkeratertu.

Kalt brauð
2 dósir sýrður rjómi
4 msk maiones
hálfur þúrrulaukur
paprikur, gul rauð og græn
1 bréf skinkukurl
350 g rækjur (taka smá frá í skraut)
hálf dós ananaskurl
1 fransbrauð langskorið. (án skorpu)
jarðarber
sýrði rjóminn og maíonesið hrært saman,grænmetið skorið smátt og sett saman við ásamt

skinku,ananas og rækjum.Rýfið brauðið í skál og hellið blönduni yfir skreytt með rækjum og jarðarberjum

Mango-lambapottur
1½ til 2 kg lambagúllas (eða nautagúllas)
2 stórir laukar saxaðir
2-4 teskeiðar karrý
50-100 g matarolía til steik-

1dós af tómátpúrru (lítill)
salt og pipar
hvítlaukskrydd
látið krauma í pottinum í 50 mínótur. Borið fram með hrisgrónum, snittubrauði og smjöri.

Fljótlegir sælkeratertubotnar
4 eggjahvítur
200 g sykur
70 g kornflögur

Sælkerinn

ingar
Þetta er brúnað í potti
Eftirtöldu er svo bætt úti
1 krukka sweet realish
1 krukka mango chutney (má vera meira)
1 súputeningur
1 dós niðursoðnir tómatar

½ tsf lyftiduft

Stíffpeytið eggjahvíturnar. Bætið sykrinum varlega úti, myljið kornflögur og hrærið varlega saman við eggjahvíturnar ásamt lyftidufti. Setjið bökunarpappír á bökunarplötu. Teiknið



Sælkeri vikunnar er Unnur Cornette Bjarnadóttir á Núpi.
2 hringi á stærð við matardisk á pappirinn. Skiptið deiginu í tvennt og setjið á hringina. Bakið við 150°C í klukkutíma.

Á milli
½ l rjómi
1 banani skorinn íbita
súkkulaðirúsínur
niðursoðnar ferskjur skornar í sneiðar (eða aðra ávexti að eigin vali)
Ávextirnir og rúsínur settar saman við þeyttan rjómann, og sett á milli botnanna. Tertan skreytt með ávöxtum að eigin vali.
Ég skora á Elsu Maríu Thomsen bónda á Gemlufelli að koma með góða uppskrift í næsta blaði.

Simbahöllin Café

Þegar Belginn Wouter Van Hoeymissen falaðist eftir Sigmundarbúð á Þingeyri árið 2005 sagðist hann vilja koma upp eins konar menningarhúsi, þar sem boðið yrði upp á kaffisölu og ýmsa aðra starfsemi svo sem kvikmyndasýningar, tónleika, ljóðalestur og matsölu. Nú þremur árum seinna hefur verið opnað kaffihús í húsinu en formleg opunarhátíð fór fram um síðustu helgi. Húsið er áberandi í bæjarmynd Þingeyrar, en Sigmundur Jónsson, kaupmaður, reisti það árið 1916 og rak þar lengi fjölbreytta verslun. Þingeyringar hljóta að gleðjast yfir þessu framtaki því þetta glæsilega hús var komið í niðurníðslu þegar Wouter ásamt Janne Kristensen hófust handa við að koma því í upprunalegt horf. „Það tók lengri tíma en ég bjóst við að gera húsið upp en við erum að vinna að því með húsafriðunarnefnd og allt er í upprunalegri mynd. Þetta hefur verið vandaverk sem tekið hefur

sinn tíma“, segir Wouter. „Það er voða góð tilfinning að geta farið yfir á næsta skref eftir þennan langa tíma sem farið hefur í framkvæmdirnar. Við fengum mjög góð viðbrögð þegar við opnuðum“, segir Janne. – Framkvæmdunum er þó enn ekki lokið. „Seinna ætlum við líka að gera upp kjallarann og koma þar upp baraðstöðu. Það verður samt ekki á þessu ári“, segir Wouter. Kaffihúsið, sem kallast Simbahöllin Café, verður opið alla daga mánudaga frá kl. 12-18. „Við ætlum aðallega að reka kaffihús í húsinu en barinn verður opinn á kvöldin ef þess er óskað, ef eitt-hvað er um að vera eða ef hópar óska þess“, segir Janne. Þá er einnig ætlunin að bjóða upp á menningarviðburði í húsinu og verður byrjað á sýningu á verkum Guðbjargar Lindar Jónsdóttur myndlistarkonu sem opnuð var um helgina. Sýningin mun standa yfir allt sumarið.



Unnið hefur verið að því í þrjú ár að koma húsinu í upprunalegt horf.



Simbahöllin á Þingeyri.

Murr

Kattamatur

Kattamaturinn frá Murr er samsettur með þarfir kattarins í huga enda vitum við hjá Murr að heilbrigður köttur er ánægður köttur!


Venjulegur heimilisköttur sem vegur 4 kg þarf aðeins tvo poka af Murr kattamat á dag - Murr hentar því vel til að tryggja að kötturinn fái rétt samsetta máltíð á besta mögulega verði.

Murr kattamatur er Íslensk náttúruleg vara unnin úr hreinum Íslenskum kjötafurðum frá sláturhúsum Norðlenska á Akureyri og SAH afurðum á Blönduósi.

Holl og auðmeltanleg protein sem eru kettinum eðlileg gera það að verkum að feldurinn verður glansandi fallegur!

Hugsaðu vel um kisu og gefðu henni Murr kattamat að borða - tveir pokar á dag er allt sem þarf!

Murr kattamatur fæst í verslunum
Bónus um land allt.



„Mjög gott fóður fyrir ketti“
segir Elfa Ágústsdóttir dýralæknir á
dýraspítalanum í lögmannshlíð, Akureyri.